



**SKÝRSLA STJÓRNAR  
LÍU Á STARFSÁRINU  
2010 – 2011**

LANDSSAMBAND  
ÍSLENSKRA  
ÚTVEGSMANNA



# EFNISYFIRLIT

<b>1. STJÓRNIR OG RÁÐ</b>	<b>5</b>	<b>7. MÖNNUNARMÁL</b>	<b>17</b>
<b>Stjórn LÍÚ</b>		Mönnunarnefnd fiskiskipa	
Helstu stjórnir, ráð, nefndir og starfshópar sem LÍÚ á aðild að		Undanþágunefnd	
<b>2. HAFRANNSÓKNIR, RÁÐGJÖF</b>	<b>8</b>	<b>8. MENNTAMÁL</b>	<b>18</b>
Veiðiráðgjöf og aflamark		Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins	
Loðnuleit og loðnumælingar		Alþjóðasiglingamálastofnunin	
Síldarleit		Sjómennt	
<b>3. ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF UM FISKVEIÐISTJÓRNUN</b>	<b>10</b>	AVS rannsóknasjóður	
Ársfundur NEAFC 2010		<b>9. UMHVERFISMÁL</b>	<b>20</b>
Fundað með Rússum um samstarf í sjávarútvegi		Endurvinnsla veiðarfæra úr gerviefnum	
Viðræður strandríkja um stjórn makrílveiða 2011		Úrvinnslusjóður	
Fundur um úthafskarfa á Reykjaneshrygg		Stýrinefnd raf- og raftækjaúrgangs	
Ársfundur NAFO 2011		<b>10. ÁBYRGAR FISKVEIÐAR</b>	<b>21</b>
Strandríkjasamningar um stjórn síld- og kolmunnaveiða		Íslenska upprunamerkið	
Viðræður um stjórn makrílveiða ársins 2012		<b>11. TRYGGINGAR</b>	<b>22</b>
<b>4. AUÐLINDAMÁL</b>	<b>12</b>	Samningar við váttryggingafélögin um váttryggingagjöld árið 2011	
Endurskoðun laga um stjórn fiskveiða		Húftryggingamat fiskiskipa	
<b>5. KJARAMÁL</b>	<b>14</b>	Innheimta váttryggingaiðgjalda	
Kjarasamningar lausir		<b>12. AFLAHEIMILDIR</b>	<b>23</b>
Úrskurðarnefnd		<b>13. KVÓTAMIÐLUN LÍÚ</b>	<b>26</b>
Olíuverð og skiptaverðmætishlutfall		<b>14. ÍSFISKSALA</b>	<b>30</b>
<b>6. SIGLINGAMÁL, SKIPATÆKNI OG ÖRYGGISMÁL</b>	<b>16</b>		
Siglingaráð			
Verkefnisstjórn áætlunar í öryggismálum sjófarenda			

## INNGANGUR

Frá því að ríkisstjórn Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs setti fram óraunhæfar og illa ígrundaðar hugmyndir um svokallaða fyrningarleið í sjávarútvegi hafa starfsskilyrði atvinnugreinarinnar verið í uppnámi.

Í september 2010 skilaði nefnd um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða, sáttanefndin svokallaða, skýrslu sinni. Þar var lagt til að áfram yrði byggt á aflamarkskerfinu en að í stað ótímabundinna afnota af aflaheimildum yrðu gerðir tímabundnir afnotasamningar á milli útgerða og ríkisins. Stjórn LÍÚ ákvað að standa að þessari meginniðurstöðu enda afar mikilvægt að skapa frið um starfsskilyrði sjávarútvegsins. Forsenda LÍÚ var að ásættanleg niðurstaða næðist í framhaldi af starfi nefndarinnar um grundvallarmál s.s. samningstíma, skýrleika á rétti til framlengingar samningstíma, hversu stórum hluta aflaheimilda verður ráðstafað framhjá aflahlutdeild, veiðigjald og önnur mikilvæg atriði.

Útvegsmenn byggðu á því að vinna við útfærslu á mikilvægum atriðum varðandi breytingu á lögum um stjórn fiskveiða yrði á faglegum nótum þar sem áhrif þeirra yrðu vegin og metin í samvinnu stjórnvalda og atvinnugreinarinnar. Jafnframt yrði stjórnarskrárvarinn réttur útvegsmanna virtur.

En annað kom á daginn. Ekkert samráð var haft við fulltrúa atvinnugreinarinnar við samningu tveggja lagafrumvarpa sem lögð voru fram á Alþingi vorið 2011 og enginn úr atvinnugreininni kom þar að málum. Frumvörpin voru unnin í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu undir handleiðslu sex þingmanna stjórnarflokkanna og á síðustu stigum með beinni aðkomu forsætisráðherra, fjármálaráðherra, velferðarráðherra og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Ekkert mat var lagt á afleiðingar frumvarpanna á sjávarútveginn eða þjóðarhag.

Strax og frumvörpin litu dagsins ljós gerðu útvegsmenn alvarlegar athugasemdir við þau. Við blasti að stefnt var að því að gera aflaheimildir verðlausar og gera þær á endanum upptækar til ríkisins með tilheyrandi afleiðingum á rekstur og efnahag útgerðanna. Þá var að mati útvegsmanna gengið of nærri stjórnarskrárvörðum rétti þeirra til afnota af aflaheimildum.

Í stað þeirrar hagræðingar sem hefur orðið með fækkun skipa og vinnslustöðva var stefnt á að fjölga skipum með tilheyrandi kostnaði og sóun. Við blasti að kröfuhafar myndu gera kröfu um uppgreiðslu á lánum sem hafa verið veitt vegna kaupa á veiðiheimildum á eins skömmum tíma og unnt er með tilheyrandi áhrifum á rekstur fyrirtækjanna. Samþykkt frumvarpanna hefði



veruleg áhrif á aðgengi greinarinnar að lánsfé og á lánakjör. Í stað þess að hvetja til langtímahugsunar þar sem útgerðir hafa trygg afnot af aflahlutdeild og þannig hag af því að draga úr veiðum til að vernda og byggja upp fiskistofna þegar þess er þörf þá yrði allt sett í óvissu með framtíðina. Gert var ráð fyrir að vald ráðherra yrði stóraukið á mörgum sviðum og honum falið að meta veigamikil atriði án þess að skýr viðmið væru sett í lögum sem býður upp á pólitíska spillingu.

Stjórnarandstöðunni tókst að koma í veg fyrir að bæði frumvörpin yrðu lögfest þrátt fyrir eindreginn ásetning forsætisráðherra um annað, m.a. með hótunum um að halda sérstakt sumarþing um málið. Frumvarpinu sem ekki varð að lögum var vísað til sjávarútvegsnefndar sem kallaði eftir umsögnum um það áður en þing kom aftur saman í september. Fjölmarginir aðilar gáfu umsagnir um frumvarpið sem fékk falleinkunn enda hefði það afar neikvæð áhrif á rekstur og efnahag fyrirtækjanna og þjóðarhag. Sama kom fram í áliti sérfræðinga sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipaði til að meta áhrif frumvarpsins og birt var í júnímánuði 2011.

Þrátt fyrir þetta verður ekki séð að stjórnvöld ætli að vinna að endurskoðun laga um stjórn fiskveiða með atvinnugreininni og málið er enn í algjörrri óvissu. Hringlandaháttur stjórnvalda hefur þegar valdið stórum skaða á íslenskum sjávarútvegi og nú er mál að linni.

**Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ**



## Stjórn LIÚ:

Aftari röð frá vinstri:

Pétur H. Pálsson, varamaður

Kristján Vilhelmsson

Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson

Eiríkur Tómasson

Hjörtur Gíslason

Ólafur Rögnvaldsson

Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LIÚ

Guðmundur Kristjánsson

Einar Valur Kristjánsson

Fremri röð frá vinstri:

Gunnar Ásgeirsson

Stefán Friðriksson

Ólafur Marteinnsson

Adolf Guðmundsson, formaður

Guðrún Lárusdóttir

Kristján Loftsson

Á myndina vantar Gunnþór Ingvason og Þorstein Erlingsson.

## 1. STJÓRNIR OG RÁÐ

### Í samþykktum LIÚ segir eftirfarandi um stjórnarkjör:

„Í stjórn LIÚ skal kjósa 15 menn og 14 til vara. Formaður skal kosinn sérstaklega til eins árs í senn. Aðrir stjórnarmenn skulu kosnir til þriggja ára í senn, þannig að á aðalfundi LIÚ árið 2002 skulu 5 stjórnarmenn ganga úr, á aðalfundi LIÚ árið 2003 skulu 4 menn ganga úr og á aðalfundi LIÚ 2005 skulu 5 ganga úr og þannig koll af kalli. Skal þess ávallt gætt að útvegsmannafélagi, sem ræður að minnsta kosti 10% af heildaratkvæðum skv. atkvæðaskrá sé tryggður einn maður í aðalstjórn. Í varastjórn skal kosið á sama hátt.“

### Formaður:

Adolf Guðmundsson, Seyðisfirði

### Aðalmenn kjörnir til þriggja ára 2010:

Eiríkur Tómasson, Grindavík

Guðmundur Kristjánsson, Reykjavík

Kristján Loftsson, Reykjavík

Stefán Friðriksson, Vestmannaeyjum

Kristján Vilhelmsson, Akureyri

### Kjör aðalmanns til eins árs 2010:

Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, Vestmannaeyjum

**Aðalmenn kjörnir til þriggja ára 2009:**

Ólafur Marteinsson, Siglufirði  
Ólafur Rögnvaldsson, Hellissandi  
Gunnar Ásgeirsson, Höfn Hornafirði  
Þorsteinn Erlingsson, Reykjanesbæ

**Kjör tveggja aðalmanna í aðalstjórn til tveggja ára 2009:**

Gunnþór Ingvason, Neskaupstað  
Eypór Harðarson, Vestmannaeyjum

**Aðalmenn kjörnir til þriggja ára 2008:**

Einar Valur Kristjánsson, Ísafirði  
Guðrún Lárusdóttir, Hafnarfirði  
Hjörtur Gíslason, Reykjavík

**Varamenn kjörnir til þriggja ára 2010:**

Ármann Ármannsson, Reykjavík  
Ármann Einarsson, Þorlákshöfn  
Pétur H. Pálsson, Grindavík  
Elías Geir Sævaldsson, Vestmannaeyjum  
Guðbrandur Björgvinsson, Stykkishólmi

**Kjör eins manns í varastjórn til tveggja ára 2010:**

Þorsteinn Már Baldvinsson, Akureyri

**Varamenn kjörnir til þriggja ára 2009:**

Kristján Vilhelmsson, Akureyri  
Guðbjartur Einarsson, Reykjavík  
Jónas Jóhannsson, Þórshöfn  
Sverrir Pétursson, Ísafirði

**Kjör eins manns í varastjórn til tveggja ára 2009:**

Páll Snorrason, Eskifirði

**Varamenn kjörnir til þriggja ára 2008:**

Bergþór Baldvinsson, Garði  
Jón Eðvald Friðriksson, Sauðárkróki  
Ingi Jóhann Guðmundsson, Garðabæ  
Rúnar Þór Stefánsson, Reykjavík

**Varamaður kosinn til tveggja ára 2008:**

Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, Vestmannaeyjum

Löggiltur endurskoðandi hefur verið eins og áður  
PricewaterhouseCoopers ehf., Reykjavík.

Haldnir voru 14 stjórnarfundir á starfsárinu.

Á fyrsta stjórnarfundinum núverandi stjórnar, sem haldinn var 30. október 2010, var Ólafur Marteinsson kjörinn varaformaður, Einar Valur Kristjánsson ritari og Þorsteinn Erlingsson vara-ritari stjórnar.

**FRAMKVÆMDARÁÐ STARFSÁRIÐ 2010-2011:**

Á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar voru eftirtaldir stjórnarmenn kjörnir í framkvæmdaráð starfsárið 2010-2011. Formaður er sjálfkjörinn:

**Aðalmenn:**

Adolf Guðmundsson, formaður  
Eiríkur Tómasson  
Einar Valur Kristjánsson  
Hjörtur Gíslason  
Guðmundur Kristjánsson  
Kristján Vilhelmsson

**Varamenn:**

Ólafur Rögnvaldsson  
Guðrún Lárusdóttir  
Kristján Loftsson  
Gunnar Ásgeirsson  
Stefán Friðriksson

Á aðalfundi 2002 var gerð breyting hvað varðar kjör fulltrúa útvegsmannafélaga á aðalfund LÍÚ og segir nú í 19. gr. samþykktu LÍÚ:

„Á aðalfundum útvegsmannafélaga skal samtals kjósa eitt-hundrað og áttatíu fulltrúa til eins árs í senn á sambandsfundum og tilkynna kjör þeirra til sambandsins, minnst tveimur vikum fyrir aðalfund.“

Við kjör fulltrúa á sambandsfundum skal fulltrúafjöldi útvegsmannafélags grundvallast annars vegar á greiddum iðgjöldum til sambandsins en hinsvegar af fjölda skipa í eigu félagsmanna útvegsmannafélags.“

**HELSTU STJÓRNIR, RÁÐ, NEFNDIR OG STARFSHÓPAR SEM LÍÚ Á AÐILD AÐ:****AVS STJÓRNARNEFND**

Fríðrik J. Arngrímsson

**AVS VERKEFNISSTJÓRN****VINNSLU OG BÚNAÐAR**

Kristján Þórarinsson

**FRAMKVÆMDASTJÓRN****SAMTAKA ATVINNULÍFSINS**

Fríðrik J. Arngrímsson

**HAFNARÁÐ**

Fríðrik J. Arngrímsson

**HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN**

Fríðrik J. Arngrímsson

**Varamaður**

Björn Jónsson

**ÍSLANDSSTOFA**

Eggert B. Guðmundsson

**LÍFEYRISSJÓÐURINN GILDI**

Fríðrik J. Arngrímsson

**Varamaður**

Hjörtur Gíslason

**MÖNNUNARNEFND FISKI-  
SKIPA**

Friðrik J. Arngrímsson  
Guðfinnur G. Johnsen

**Varamenn**

Ágúst Sigurðsson  
Björn Jónsson

**NÝSKÖPUNARSJÓÐUR  
ATVINNULÍFSINS**

Arnar Sigurmundsson

**Varamaður**

Einar Valur Kristjánsson

**SAMSTARFSNEFND LÍÚ OG  
HAFRANNSÓKNASTOFNUN-  
ARINNAR UM KARFARANN-  
SÓKNIR**

Kristján Þórarinnsson

**SAMSTARFSVETTANGUR  
SJÁVARÚTVEGS OG IÐNAÐAR**

Friðrik J. Arngrímsson

**SAMSTARFSVETTANGUR  
SJÁVARÚTVEGS OG IÐN-  
AÐAR, VERKEFNISSTJÓRN**

Kristján Þórarinnsson

**SAMTÖK ATVINNUREKENDA Í  
SJÁVARÚTVEGI**

Adolf Guðmundsson  
Eiríkur Tómasson  
Friðrik J. Arngrímsson

**SIGLINGARÁÐ**

Guðfinnur G. Johnsen

**Varamaður**

Friðrik J. Arngrímsson

**SJÓMENNT**

Rúnar Þór Stefánsson  
Sveinn Hjörtur Hjartarson

**STARFSGREINARÁÐ MÁLM-  
TÆKNI**

Guðfinnur G. Johnsen

**STARFSGREINARÁÐ SJÁVAR-  
ÚTVEGS- OG SIGLINGA-  
GREINA**

Guðfinnur G. Johnsen

**STJÓRN FISKIFÉLAGS  
ÍSLANDS**

Kristján Loftsson  
Kristján Þórarinnsson

**STJÓRN SAMTAKA ATVINNU-  
LÍFSINS**

Adolf Guðmundsson  
Friðrik J. Arngrímsson  
Ólafur Rögnvaldsson

**STÝRINEFND RAF- OG  
RAFEINDATÆKJAÚRGANGS**

Guðfinnur G. Johnsen

**TÆKNINEFND ÁBYRGRA  
FISKVEIÐA SES.**

Kristján Þórarinnsson

**TÆKNISKÓLINN EHF.**

Friðrik J. Arngrímsson

**Varamaður**

Kristján Vilhelmsson

**Fagráð Véltækniskólans**

Guðfinnur G. Johnsen

**Fagráð Skipstjórnarskólans**

Ingimundur Ingimundarson

**UNDANÞÁGUNEFND**

**FISKISKIPA**

Björn Jónsson

Guðfinnur G. Johnsen

**Varamenn**

Ágúst Sigurðsson

Ingimundur Ingimundarson

**ÚRSKURÐARNEFND SJÓ-  
MANNA OG ÚTVEGSMANNA**

Friðrik J. Arngrímsson  
Rúnar Þór Stefánsson  
Pétur H. Pálsson

**Varamenn**

Sveinn Hjörtur Hjartarson

Ólafur Marteinnsson

Stefán Friðriksson

**ÚRVINNSLUSJÓÐUR**

Guðfinnur G. Johnsen

**VERKEFNISSTJÓRN UM  
LANGTÍMAÁÆTLUN Í  
ÖRYGGISMÁLUM SJÓMANNA**

Guðfinnur G. Johnsen

**VINNUHÓPUR HAFRANN-  
SÓKNASTOFNUNARINNAR  
UM ÞORSKRANNSÓKNIR**

Kristján Þórarinnsson



## 2. HAFRANNSÓKNIR, RÁÐGJÖF

### VEIÐIRÁÐGJÖF OG AFLAMARK

Þegar stofnmat Hafrannsóknastofnunarinnar lá fyrir í vor var ljóst að aflaregla meðaltals aflamarks síðasta fiskveiðiárs og 20% af mati á veiðistofni í upphafi árs gæfi 177 þúsund tonna aflamark í þorski fyrir fiskveiðiárið 2011-2012. Margir útvegsmenn telja að þetta sé of lágt aflamark miðað við það hver staða þorsstofnsins er talin vera nú. Viðmiðunarstofninn (4 ára og eldri) er metinn 969 þúsund tonn og hrygningarstofninn 362 þúsund. Útvegsmenn töldu engu að síður mikilvægt að veiðum yrði áfram stjórnað á grundvelli aflareglu til langs tíma og að hækking aflamarks þyrfti að byggjast á breytingu á aflareglu. Starfshópur sem ráðherra skipaði á síðasta ári taldi að ekki væri svigrúm til að hækka veiðihlutfallið í aflareglunni. Ráðherra ákvað að aflamark skyldi vera 177 þúsund tonn.

Nýliðun ýsu var með besta móti nokkur ár í röð, sem er óvenjulegt, og kvað mest að risaárganginum frá 2003. Stofninn stækkaði því verulega og aflamarkið fylgdi þeirri þróun og aflinn einnig. Síðan hefur nýliðun færst í venjubundið horf og stofninn óumflýjanlega minnkað. Hafrannsóknastofnunin lagði til að aflamark fiskveiðiársins 2011-2012 yrði 37 þúsund tonn og benti á hættu á því að hrygningarstofninn færi niður fyrir sögulegt lágmark árin 2013-2014 þar sem árgangar 2008-2010 eru lélegir. Jafnframt var upplýst að stofnunin hefur unnið að tillögum vegna nýtingarstefnu og aflareglu. Útvegsmenn töldu erfitt að fara gegn rökum Hafrannsóknastofnunarinnar. Ráðherra ákvað að aflamark í ýsu skyldi vera nærri 22% hærra en ráðgjöf sagði til um eða 45 þúsund tonn.

Hafrannsóknastofnunin lagði til að aflamark í ufsa fiskveiðiárið 2011-2012 yrði 45 þúsund tonn. Útvegsmenn lögðu til óbreytt aflamark í ufsa frá síðasta fiskveiðiári. Ráðherra ákvað 52 þúsund tonna aflamark.

Hafrannsóknastofnunin lagði til að aflamark gullkarfa skyldi vera 40 þúsund tonn og studdu útvegsmenn þá tillögu. Ráðherra ákvað að aflamarkið skyldi vera 40 þúsund tonn.

Hafrannsóknastofnunin lagði til að aflamark djúpkarfa skyldi vera 10 þúsund tonn. Útvegsmenn lögðu til óbreytt aflamark en ráðherra ákvað 12 þúsund tonna aflamark.

Hafrannsóknastofnunin lagði til að heimilt yrði að veiða 12 þúsund tonn af grálúðu á svæðinu við A-Grænland, Ísland og Færeyjar. Útvegsmenn töldu rétt að aflamark Íslands yrði 12 þúsund tonn og lögðu jafnframt áherslu á að afar mikilvægt

væri að ná samningi við Grænlandinga um stjórn veiðanna og skiptingu veiðiréttar. Ráðherra ákvað að aflamarkið skyldi vera 13 þúsund tonn.

Ráðherra ákvað að aflamark í kolastofnum, löngu og keilu skyldi fara nærri eða fylgja ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar. Útvegsmenn voru með svipaðar hugmyndir nema hvað þeir töldu að aflamark í sandkolla og skrápflúru yrði með því móti u.þ.b. helmingi of lágt.

Í steinbít lagði Hafrannsóknastofnunin til að heimilt yrði að veiða 7.500 tonn og töldu útvegsmenn rétt að minnka aflamarkið frá því sem það var á yfirstandandi fiskiveiðiári, enda nýliðun lengi verið léleg og stofninn farið minnkandi og yrði svo líklegast áfram. Á síðasta ári lagði stofnunin til 8.500 tonna aflamark, útvegsmenn 10.500 tonn en ráðherra ákvað að aflamarkið yrði 12.000 tonn. Ráðherra ákvað að aflamarkið skyldi vera 10.500 tonn.

Í ljósi sýkingar í íslensku sumargotssildinni og óvissu um stofnstærðina var aðeins gefið út 5.000 tonna upphafsafلامark.



Varðandi norsk-íslenska síld og kolmunna var strandríkja-samningum um stjórn veiða úr þessum stofnum fylgt. Á fundi strandríkjanna nú í október var ákveðið að fylgja ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins hvað varðar aflamark í norsk-íslenskri síld, 833 þúsund tonn. Hlutdeild Íslands í heildaraflamarkinu á árinu 2012 er 120.868 tonn. Á fundi strandríkja um kolmunna í október náðist samkomulag um að fylgja fyrri samningi strandríkja um stjórnunaráætlun og skiptingu afla fyrir árið 2012. Aflamark ársins 2012 verður samkvæmt þessu 391 þúsund tonn og þar af koma 63.477 tonn í hlut Íslands.

Hafrannsóknastofnunin lagði til að heildaraflamark úthafs-rækju á fiskveiðiárinu 2011-2012 yrði 7.000 tonn. Veiðum á úthafs-rækju er ekki stjórnað.

Ákvörðun heildarafla loðnu byggir á því markmiði að skilja eftir 400 þúsund tonn til hrygningar í vertíðarlok. Spálíkan út frá mæligögnum bendir til að unnt ætti að vera að veiða 732 þúsund tonn á vertíðinni 2011-2012. Á liðnum árum hefur upphafsafلامark verið ákveðið 2/3 af væntanlegum heildarafla þegar mæligögn hafa legið fyrir. Óvissa í spálíkani er nú talin meiri en áður var álitíð og því lagði Hafrannsóknastofnunin til að upphafsafلامark yrði 1/2 af væntanlegum heildarafla eða 366 þúsund tonn. Jafnframt var lagt til að veiðar hæfust ekki fyrr en í október. Farið var að ráðgjöfinni. Að teknu tilliti til samninga við önnur ríki kom því 181.269 tonna upphafsafلامark í hlut íslenskra skipa. Gangi væntingar um heildaafla á vertíðinni eftir koma rúm 500 þúsund tonn í hlut Íslands.



Aflamark íslenskra skipa til makrílveiða árið 2011 var 146.818 tonn. Alþjóðahafrannsóknaráðið (ICES) ráðleggur að heildarafla allra aðila árið 2012 verði á bilinu 586.000 til 639.000 tonn. Þetta er nánast samhljóða ráðgjöf síðasta árs en ekki hafa náðst samningar um makrílveiðar og ætla má að samanlagður makrílafli í ár verði um 50% umfram ráðgjöf.

Ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) um úthafs-skarfa er að engar beinar veiðar verði úr efri stofni og að hámarks-afla úr neðri stofni verði 20 þúsund tonn. Skv. samkomulagi strandríkjanna (Íslands, Grænlands og Færeyja) auk ESB og Noregs fyrr á þessu ári, sem tekur til árána 2011-2014, á heildaraflamark ársins 2012 að vera 32 þúsund tonn. Af því fengi Ísland 31,02% eða 9.926 tonn. Rússland er ekki aðili að þessu samkomulagi og hefur veitt mun meira en hin ríkin ætla þeim.

## LOÐNULEIT OG LOÐNUMÆLINGAR

Niðurstöður mælinga Hafrannsóknastofnunarinnar á loðnu-stofninum haustið 2010 gáfu til kynna að stærð hrygningar-stofnsins væri 630 þúsund tonn og var því gefið út 200 þúsund tonna aflamark í loðnu fyrir vertíðina 2010-2011.

Frekari rannsóknir fóru fram strax í byrjun janúar sl. er Árni Friðriksson fór til mælinga á veiðistofni fyrir Norðaustur og Austurlandi, þar sem fimm loðnuskip höfðu kortlagt útbreiðslu hrygningargöngunnar. Sú mæling benti til þess að hrygningarstofninn væri 720 þúsund tonn. Því var 125 þúsund tonnum bætt við aflamarkið að tillögu Hafrannsóknastofnunarinnar.

Annar mælingaleiðangur á hrygningargöngunni í febrúar leiddi til frekara endurmats á stofnstærðinni, 788 þúsund tonn. Því var aflamarkið aukið um 65 þúsund tonn og varð því alls 390 þúsund tonn á vertíðinni.

## SÍLDARLEIT

Samkvæmt mati Hafrannsóknastofnunarinnar var heildar-stærð hrygningarstofns íslensku sumargotssíldarinnar um 370 þúsund tonn haustið 2010. Mikil óvissa er þó um stofn-matið vegna áhrifa Ichthyophonus sýkingarfaldurs sem upp kom upp í stofninum 2008. Vísbendingar eru þó um að far-aldurinn kunni að vera í rénum.

Sjávarútvegsráðherra gaf fyrst út 15 þúsund tonna aflamark í síldinni og bætti svo 25 þúsund tonnum við nokkru síðar í samræmi við tillögur Hafrannsóknastofnunar um heildar-aflamark fyrir íslenska sumargotssíld á vertíðinni 2010-2011. Sumarið 2010 hafði verið gefin út heimild til veiða á fimm þúsund tonnum af síld sem meðafla með makríl. Alls fór aflamark í síldinni því í 45 þúsund tonn vertíðina 2010-2011.

### 3. ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF UM FISKVEIÐSTJÓRNUN

Ísland er aðili að alþjóðlegu samstarfi um stjórn fiskveiða. Íslensk stjórnvöld og LÍÚ hafa mótað þá skýru afstöðu að ákvarðanir um stjórn fiskveiða úr deilistofnum séu best komnar í höndum þeirra þjóða sem beinna hagsmuna hafa þar að gæta.

Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndin, NEAFC, er svæðisbundin fiskveiðistjórnunarstofnun sem stýrir stjórnun fiskveiða á NA-Atlantshafi. Landfræðilegt gildissvið samstarfsins nær til Norðaustur-Atlantshafs, Norður-Íshafs og Barentshafs.

Ísland er einnig aðili að Norðvestur-Atlantshafs fiskveiðistofnuninni, NAFO, og Atlantshafstúnfiskveiðiráðinu, ICCAT. Auk þátttöku í starfsemi fyrrgreindra samtaka er Ísland aðili að tvíhliða og fjölþjóðasamningum um stjórn veiða úr sameiginlegum stofnum svo sem loðnustofninum.

Fulltrúar LÍÚ taka virkan þátt í starfi Íslands á vettvangi svæðisbundinna fiskveiðistjórnunarstofnana og á strandríkjafundum um deilistofna.

#### ÁRSFUNDUR NEAFC

Ársfundur NEAFC – Norðaustur Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar – fór fram í höfuðstöðvum nefndarinnar í London dagana 8. - 12. nóvember 2010. Þetta var 29. ársfundur nefndarinnar.

Á fundinum var staðfestur samningur strandríkja um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum og kolmunnastofninum sem gerður var í október. Rússar greiddu atkvæði gegn samþykkt samkomulags um kolmunna og eru því óbundnir af því. Einnig var gengið frá samningi um veiðar á karfa í Síldar-smugunni. Þar var aflamark lækkað milli ára úr 8.600 tonn-um í 7.900 tonn. Ísland sat hjá við þá samþykkt en Alþjóða hafrannsóknaráðið (ICES) hefur lagt til að engar beinar veiðar fari fram.

Á fundinum var rætt um stjórn veiða á úthafskarfa á Reykjanes hrygg. Strandríkin Ísland, Færeyjar og Grænland lögðu sameiginlega fram drög að stjórnunarákvæðum sem voru rædd á fundinum en ekki náðist samkomulag á grunni þeirra. Á fundinum var hins vegar ákveðið að strandríkin byðu til fundar með öllum aðildarríkjum NEAFC í janúar 2011. Á þeim fundi skyldi stefnt að því að ná samkomulagi um stjórn veiðanna.

Framkvæmdastjóri fiskveiðinefndarinnar til síðustu 10 ára, Kjartan Hoydal frá Færeyjum lét af störfum í júní síðastliðinn. Á fundinum var ákveðið að við stöðu hans taki Stefán Ásmundsson, skrifstofustjóri í sjávarútvegs- og landbúnaðar-ráðuneytinu.

#### FUNDAÐ MEÐ RÚSSUM UM SAMSTARF Í SJÁVARÚTVEGI

Ellefti fundur samstarfsnefndar Íslands og Rússlands um tiltekna þætti samstarfs á sviði sjávarútvegs mála var haldinn í Reykjavík dagana 16. og 17. október 2010. Á fundinum voru rædd þau mál sem helst eru á döfinni varðandi samstarf landanna á vettvangi sjávarútvegs mála og fiskveiða.

Á fundinum var sérstaklega rætt um mikilvægi þess að samkomulag náist um stjórnun úthafskarfa veiða. Af hálfu Íslands var lögð áhersla á að framtíðarveiðistjórnun byggji á þeirri vísindalegu þekkingu og ráðgjöf sem fyrir liggur.

Alls munu 6.390 tonn af þorski koma í hlut Íslands á grundvelli samnings ríkjanna tveggja á árinu 2011. Jafnframt var fjallað um sölukvóta sem íslenskar útgerðir hafa rétt á að kaupa samkvæmt samningnum og nemur hann alls 2.396 tonnum og er til frádráttar þeim 6.390 tonnum sem koma í hlut Íslands á næsta ári. Þá er 1.278 tonnum af ýsu ráðstafað sem meðafla auk 639 tonna í öðrum meðaflategundum.

#### VIÐRÆÐUR STRANDRÍKJA UM STJÓRN MAKRÍLVEIÐA 2011

Ekkert samkomulag náðist um hlutdeild Íslands í makrílveiðum ársins 2011 á fundum strandríkjanna fjögurra, sem aðild eiga að makrílveiðum í NA Atlantshafi, í Osló dagana 25. og 26. nóvember 2010. Fundurinn var með þátttöku ESB, Noregs, Færeyja og Íslands en Rússland átti þar áheyrnarfulltrúa. Í framhaldi var boðað til tvíhliða viðræðna á milli ESB og Noregs, ESB og Færeyja og Noregs og Færeyja um fiskveiðiheildir.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra ákvað að Ísland tæki sér óbreytta hlutdeild í makrílveiðunum á næsta ári, að teknu tilliti til aukningar í ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknarráðsins (ICES). Ísland beindi því jafnframt til hinna strandríkjanna að taka tillit til þessa við kvótaákvæðanir sínar með það í huga að heildarveiðar fari ekki fram úr vísindalegri ráðgjöf.

Þann 17. desember 2010 tilkynnti sjávarútvegsráðherra að Ísland setti sér 146.818 tonna kvóta í makríl árið 2011 að viðbættum 8.000 tonnum óveidds kvóta ársins 2010.

## FUNDIR UM ÚTHAFSKARFA Á REYKJANESHRYGG

Fundur strandríkjanna Íslands, Grænlands og Færeyja auk veiðiaðilanna Noregs, Rússlands og ESB um úthafskarfaveiðar næsta árs og stjórnun þeirra fór fram í London þann 28. september sl.

Á fundinum var kynnt ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) um veiðarnar, en hún er svipuð og á síðasta ári: engar beinar veiðar úr efri stofni og meðafla haldið í lágmarki; hámarksafli 20 þúsund tonn úr neðri stofni sem er hugsað sem veruleg minnkun í afla.

Samkvæmt samkomulagi strandríkjanna (Íslands, Grænlands og Færeyja) auk ESB og Noregs fyrr á þessu ári, sem tekur til árána 2011-2014, á heildaraflamark ársins 2012 að vera 32 þúsund tonn; af því fengi Ísland 31,02% eða 9.926 tonn. Rússland er ekki aðili að þessu samkomulagi og hefur veitt mun meira en hin ríkin ætla þeim. Viðfangsefnið hefur verið að reyna að fá Rússa til þátttöku í samkomulagi um stjórnun veiðanna.

Rússar hafna vísindaráðgjöf ICES og telja að aðeins sé um einn karfastofn að ræða auk þess sem þeir telja stöðu „stofnsins“ ekki eins slæma og sagt er. Þessu hafnar ICES. Rússar hafa veitt nálægt 29 þúsund tonnum á ári.

Á fundinum var einnig rætt um vinnu sem framundan er við ýmis verkefni. Þar má nefna gerð nýtingarstefnu til lengri tíma, heildarúttekt ICES á vísindapættinum sem fram á að fara í febrúar á næsta ári og einnig endurbætur í eftirliti og stjórnun, einkum framfylgd gildandi reglna. Ennfremur var rætt um betri og tímanlegri skil veiðigagna og að auk gagna um afla verði einnig skráð gögn um framsal veiðiheimilda og þeim miðlað jafnóðum til allra aðila.

## ÁRSFUNDUR NAFO 2011

Ársfundur NAFO var haldinn dagana 19. - 23. september. Á fundinum var m.a. rætt um rækju á Stóra banka og Flæmingjagrunni. Fyrir fundinum lá bráðabirgðaráðgjöf á sömu nótum og í fyrra, þ.e. að engar veiðar verði leyfðar á rækju á Flæmingjagrunni á næsta ári.

Hvað rækju á Stóra banka áhrærir var í vísindaráðgjöf lagt til að nýtingarhlutfall færi ekki yfir 14% sem þýðir 9.350 tonn kvóta á árinu 2012 miðað við núverandi stofnstærð. Tillaga Kanadamanna um 20% nýtingarhlutfall var samþykkt en aðeins Ísland og Noregur greiddu atkvæði gegn þeirri tillögu. Kvóti Íslands á næsta ári tekur því mið af vísindaráðgjöf og verður þá 104 tonn.

Hvað varðar niðurstöðu fundarins um viðkvæm vistkerfi sjávar (VME) þá var samþykkt tillaga vinnunefndar vísindamanna og stjórnenda frá júní s.l. um samræmda tímasetningu sólar-

lagsákvæða á lokuðum svæðum á NAFO svæðinu eða árslok 2014.

Á fundinum var fjallað um frammistöðumat sem NAFO samþykkti á síðasta aðalfundi að láta vinna og skilað var í 300 blaðsíðna skýrslu nú í byrjun ágúst. Fundurinn samþykkti að vísa málinu áfram til sérstaks vinnufundar sem haldinn verður í Halifax í mars 2012.

## STRANDRÍKJASAMNINGAR UM STJÓRN SÍLD- OG KOLMUNNAVEIÐA

Fundur strandríkja um stjórnun kolmunnaveiða og skiptingu veiðiheimilda milli ríkja fyrir árið 2012 fór fram í London dagana 10.- 11. október sl. Þátttakendur voru Ísland, Noregur, Færeyjar og ESB; Rússland var áheyrnarfulltrúi. Fyrir liggur samkomulag um langtíma stjórnunaráætlun frá árinu 2008 þar sem fram kemur nýtingarstefna og hlutfallsleg skipting aflaheimilda milli samningsaðila.

Við mat á stofninum í ár ákvað ICES að fella niður bergmálmælingu ársins 2010 úr tímaröðinni, enda talið ljóst að um vanmat hafi verið að ræða af ýmsum ástæðum, m.a. þeirri að ekki tókst að fara yfir nógu stórt hafsvæði. Bergmálmæling ársins 2011 gaf umtalsvert hærra gildi. Stofnmatið í ár er því á mun jákvæðari nótum og ráðgjöfin fyrir árið 2012 hljóðar upp á 391.000 tonn í samræmi við gildandi stjórnunaráætlun. Samkomulag náðist um að fylgja þessari ráðgjöf og þannig koma 63.477 tonn í hlut Íslands á árinu 2012 en þá á eftir að taka tillit til aflamarksstöðu Íslands í lok árs 2011.

Fundur strandríkja um stjórnun veiða á norsk-íslenskri síld og skiptingu veiðiheimilda milli ríkja fyrir árið 2012 fór fram í London dagana 13.-14. október sl. Þátttakendur voru Ísland, Noregur, Færeyjar, ESB og Rússland. Staða síldarstofnsins er sterk en nýliðun hefur verið slök undanfarin ár og því hefur stofninn farið minnkandi. Á fundinum náðist samkomulag um veiðar næsta árs sem byggir á stofnmati og umsaminni langtíma nýtingarstefnu. Heimilt verður að veiða 833 þúsund tonn árið 2012 en í hlut Íslands koma 120.868 tonn.

## VIÐRÆÐUR UM STJÓRN MAKRÍLVEIÐA ÁRSINS 2012

Ekkert samkomulag náðist á fundi strandríkja í Lundúnum dagana 19.-21. október sl. um stjórn makrílveiða á næsta ári. Þegar hefur verið boðað til framhaldsviðræðna.

## 4. AUÐLINDAMÁL

### ENDURSKOÐUN LAGA UM STJÓRN FISKVEIÐA

Frá því að ríkisstjórn Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs var mynduð vorið 2009 og setti fram sem stefnu sína um svokallaða fyrningarleið hafa starfsskilyrði íslensks sjávarútvegs verið í uppnámi. Með fyrningarleiðinni hugðist ríkisstjórnin að gera aflaheimildir útgerðanna upp-tækar. Ekkert mat var lagt á hvaða áhrif slíkur gerningur hefði á sjávarútveginn og þá sem á honum byggja beint eða óbeint eða efnahag þjóðarinnar í víðum skilningi.

Í árskýrslu LÍÚ 2010 er atburðarás varðandi endurskoðun laga um stjórn fiskveiða fram á haustið 2010 rakin. Í september það ár skilaði „sáttanefndin“ skýrslu til sjávarútvegsráðherra þar sem megin niðurstaðan var sú að byggja áfram á aflamarkskerfinu en að í stað ótímabundinna afnota af aflaheimildum eins og verið hefur yrðu gerðir tímabundnir afnotasamningar á milli útgerðanna og ríkisins.

Stjórn LÍÚ ákvað að standa að þessari meginniðurstöðu enda afar mikilvægt að ná að skapa frið um starfsskilyrði sjávarútvegsins. Forsenda LÍÚ var að ásættanleg niðurstaða næðist í framhaldi af starfi nefndarinnar um grundvallarmál s.s. samningstíma, skýrleika á rétti til framlengingar samningstíma, hversum stórum hluta aflaheimilda verður ráðstafað framhjá aflahlutdeild, veiðigjald og önnur mikilvæg atriði.

Útvegsmenn byggðu á því að vinna við útfærslu á mikilvægum atriðum varðandi breytingu á lögum um stjórn fiskveiða yrði á faglegum nótum þar sem áhrif þeirra yrðu vegin og metin í samvinnu stjórnvalda og atvinnugreinarinnar. Jafnframt yrði stjórnarskrárvarinn réttur útvegsmanna virtur. En annað kom á daginn. Ekkert samráð var haft við fulltrúa atvinnugreinarinnar við samningu tveggja lagafrumvarpa sem lögð voru fram á Alþingi vorið 2011 og enginn úr atvinnugreininni kom þar að málum. Frumvörpin voru unnin í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu undir handleiðslu sex þingmanna stjórnarflokkanna og á síðustu stigum með beinni aðkomu forsætisráðherra, fjármálaráðherra, velferðarráðherra og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Ekkert mat var lagt á afleiðingar frumvarpanna á sjávarútveginn eða þjóðarhag.

### Alvarlegar athugasemdir gerðar

Strax og frumvörpin litu dagsins ljós gerðu útvegsmenn alvarlegar athugasemdir við þau. Við blásti að stefnt var að því að gera aflaheimildir verðlausar og gera þær á endanum upptækar til ríkisins með tilheyrandi afleiðingum á rekstur og efnahag útgerðanna. Þá var að mati útvegsmanna gengið of nærri stjórnarskrárvörðum rétti þeirra til afnota af aflaheimildum. Þetta birtist á ýmsan hátt í frumvörpunum s.s. með:



- Stuttum afnotatíma – einungis 15 árum.
- Óvissu um það hvort ein framlenging til 8 ára fengist að 15 árum liðnum.
- Óvissu um það hvort útgerðir fengju afnotasamninga m.a. vegna óljósra skilyrða um fjárhagsstöðu.
- Óvissu um það hvort samningar héldu vegna ákvæða um að á samningstímanum væri unnt að breyta fiskveiðistjórninni.
- Óvissu um það hvað skuli taka við að samningstíma liðnum en ráða mátti að stefnt væri að ríkisupptöku á öllum aflaheimildum.
- Banni við framsali aflahlutdeildar/samninga um afnotarétt, með undanþágu í 15 ár en þá á „ríkisverði“ sem sjávarútvegsráðherra skyldi ákveða.
- Banni við veðsetningu aflaheimilda og breytingu á veðlögum þannig að trygging veðhafa fyrir því að aflahlutdeild verði ekki flutt frá skipi nema með samþykki þeirra félli niður hvað allar nýjar lánveitingar varðar.
- Tvöföldun veiðigjalds.
- Upptöku ríkisins á 45% og síðar 50% af aflaukningu í þorski, ýsu, ufsa og steinbít og ráðstöfun í pólitískar veiðar og með sölu ríkisins á aflamarki.
- Upptöku ríkisins á 15% af aflahlutdeild í öllum öðrum tegundum en þorski, ýsu, ufsa og steinbít og sölu ríkisins á aflamarki.
- Stóraukinni pólitískri miðstýringu og afskiptum.

Ljóst er að framangreint hefði veruleg neikvæð áhrif á rekstrarskiptir greinarinnar og möguleika hennar til framþróunar. Þá hefði samþykkt frumvarpanna veruleg áhrif á aðgengi greinarinnar að lánsfé og á lánakjör. Í stað þeirrar hagræðingar sem hefur orðið með fækkun skipa og vinnslustöðva var stefnt á að fjölga skipum með tilheyrandi kostnaði og sóun. Við blasti að kröfuhafar myndu gera kröfu um uppgreiðslu á lánum, sem hafa verið veitt vegna kaupa á veiðiheimildum, á eins skömmum tíma og unnt er með tilheyrandi áhrifum á rekstur fyrirtækjanna.

Í stað þess að hvetja til langtímahugsunar þar sem útgerðir hafa trygg afnot af aflahlutdeild og þannig hag af því að draga úr veiðum til að vernda og byggja upp fiskistofna þegar þess er þörf þá yrði allt sett í óvissu með framtíðina. Að hirða aukningu aflamarks af þeim sem hafa tekið á sig skerðingar til að byggja upp fiskistofna er algjört stílbrot á þeirri hugsun að ábyrg umgengni um fiskistofnana borgi sig.

Með uppboði aflaheimilda á hverju ári yrði innleidd skammtímahugsun þar sem kaupendur hefðu enga vissu fyrir því hvort þeir fengju veiðiheimildir eða á hvaða verði. Með því að fela ráðherra að setja reglur um sölu aflamarksins var boðið upp á mismun.

Stefnt var að fjölgun þeirra aðila og skipa sem sækja takmarkað aflamagn með auknum kostnaði og sóun verðmæta. Þannig yrði afkoma fólks og fyrirtækja í greininni lakari og þjóðhagsleg áhrif neikvæð.

Vald ráðherra var stóraukið á mörgum sviðum og honum falið að meta veigamikil atriði án þess að skýr viðmið væru sett í lögum.

LÍÚ fékk sérfræðinga til að meta þjóðhagsleg áhrif frumvarpanna, áhrif þeirra á sjávarútveginn í heild og á fyrirtækin, bæði rekstur og efnahag en við blasti að verð aflaheimilda félli með samþykkt þeirra. Í því sambandi yrði m.a. horft til laga og reglna um reikningsskil. Þá voru lögmenn fengnir til að meta hvort einstök ákvæði frumvarpanna eða þau virt í heild gengju of nærri rétti útvegsmanna samkvæmt atvinnu- og eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar.

Mörg sjávarútvegsfyrirtæki og sveitarfélög mátu eða létu meta áhrif frumvarpana á sína stöðu.

### Neikvæð áhrif á rekstur og efnahag fyrirtækjanna

Niðurstaða sérfræðinga um áhrif frumvarpanna var í stuttu máli að allar athugasemdir útvegsmanna voru staðfestar, samþykkt þeirra hefði afar neikvæð áhrif á rekstur og efnahag fyrirtækjanna. Að mati endurskoðunarfyrirtækisins Deloitte yrðu neikvæð áhrif á sjóðsstreymi sjávarútvegsfyrirtækja á 15 ára tímabili um 300 milljarðar. Samkvæmt lögum um ársreikninga og alþjóðlegum reikningsskilastöðlum bæri að afskrifa og gjaldfæra allar keyptar aflaheimildir eða rúma 200 milljarða með tilheyrandi áhrifum á eigið fé fyrirtækjanna. Lögmennastofan LEX taldi að með samþykkt frumvarpanna yrði gengið of nærri réttindum útgerðanna sem varin eru af stjórnarskránni auk þess sem fjöldi athugasemda var gerður við frumvörpin að öðru leyti.

Eins og áður er komið fram varð annað frumvarpið að lögum á vorþingi 2011. Í því fólst m.a. hækkun veiðigjalds um 40%, frekari ráðstöfun aflaheimilda fram hjá aflahlutdeild með aukningu svokallaðra strandveiða og sölu ríkisins á aflaheimildum í þremur fisktegundum og breytingu á því hvaða aflaheimildir eru skertar vegna þess sem ráðstafað er framhjá aflahlutdeild.

Stjórnarandstöðunni tókst að koma í veg fyrir að hitt frumvarpið yrði að lögum þrátt fyrir eindreginn ásetning forsætisráðherrans um annað, m.a. með hótunum um að halda sérstakt sumarþing um málið. Frumvarpinu var vísað til sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar þingsins sem kallaði eftir umsögnum um það áður en þing kom aftur saman í september. Fjölmargir aðilar gáfu umsagnir um frumvarpið sem fékk falleinkunn. Sama kom fram í áliti sérfræðinga sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipaði til að meta áhrif frumvarpsins og birt var í júnímánuði 2011.

Þrátt fyrir þetta verður ekki séð að stjórnvöld ætli að vinna að endurskoðun laga um stjórn fiskveiða með atvinnugreininni og málið er enn í algjörrí óvissu.

## 5. KJARAMÁL

### KJARASAMNINGAR LAUSIR

Kjarasamningar við félög sjómanna voru lausir um síðustu áramót. Samþykkt var að sérstök 4,25% hækkun á kauptryggingu og kaupliðum tæki gildi frá og með 1. júní sl. Önnur efnisatriði kjarasamninga sjómanna eru áfram til úrlausnar. Samningarnir taka annars vegar til Sjómannasambands Íslands, Alþýðusambands Vestfjarða, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og VM, félags vélstjóra og málm-tæknimanna og hins vegar Landssambands íslenskra útvegsmanna. Jafnframt rann út þann 1. janúar sl. kjarasamningur við Sjómannafélag Íslands.

### ÚRSKURÐARNEFND

Frá síðasta aðalfundi í október 2010 hefur viðmiðunarverð á þorski, sem ráðstafað er til eigin vinnslu eða til skyldra aðila, breyst tvisvar sinnum til hækkunar. Verð var hækkað um 5% þann 1. mars 2011 og aftur um 5% þann 2. maí 2011.

Verð á ýsu hefur breyst tvisvar sinnum. Verð lækkaði um 5% þann 1. desember 2010 en hækkaði um 5% þann 1. mars sl.

Verð á karfa hefur breyst fjórum sinnum til hækkunar og einu sinni til lækkunar. Þann 1. nóvember 2010 lækkaði karfi um 7%. Þann 6. janúar 2011 hækkaði karfi um 5%. Hann hækkaði aftur um 7% þann 1. febrúar og önnur 7% hækkun varð þann 1. mars. Þann 1. apríl hækkaði verð á karfa svo enn um 5%.

Verð á óslægðum þorski hefur hækkað tvisvar um 5% og verðið tók sömu breytingum í prósentum og slægður þorskur.


Verð á óslægðri ýsu hefur breyst tvisvar sinnum. Verðið tók sömu breytingum í prósentum og slægð ýsa.

Á árinu 2010 bárust engin úrskurðarmál til nefndarinnar og það sem af er árinu 2011 hafa engin mál borist nefndinni.

### OLÍUVERÐ OG SKIPTAVERÐMÆTISHLUTFALL

Olíuverð helst enn gríðarlega hátt. Meðalverðið gasolíu hefur hækkað mikið á árinu 2011 og er það sem af er ári til loka september 923 USD/tonn. Það er 39% hækkun frá meðalverði síðasta árs en árið 2010 var það 644 USD/tonn.

Meðalverð á hráolíufati (Brent) var 62 USD/fatið árið 2009. Það hækkaði um þriðjung að meðaltali árið 2010 og var 80






Á meðfylgjandi mynd má sjá þróun launakostnaðar og olíukostnaðar útgerðar frá 1986. Heimild: Þjóðhagsstofnun og Hagstofa Íslands og 2010 er áætlun LIÚ. Olíukostnaður er næst stærsti kostnaðarliður útgerðarinnar á eftir launum og launatengdum gjöldum.

USD/fatið. Eftir því sem liðið hefur á þetta ár hefur olíuverð hækkað á ný og var komið í um 111 USD/fatið í ágúst sl. og hafði þá hækkað um 39% frá meðalverði síðasta árs.

Frá 1. janúar 2011 hækkaði kolefnisgjald/orkuskattur á olíu um 50%. Kolefnisgjald er 4,35 kr. á hvern lítra af gas- og dísil-olíu, 3,80 kr. á hvern lítra af bensíni, 4,10 kr. á hvern lítra af flugvéla- og þotueldsneyti og 5,35 kr á hvert kílógramm af brennsluolíu.

Olíuverðið hefur áhrif á ákveðnu verðbili á skiptahlut sjómanna. Þegar olíuverðið er komið yfir 274 dollara/tonnið hættir það að hafa áhrif á skiptahlut sjómanna og olíuverðs-hækkanir lenda því eingöngu á útgerðinni.



## 6. SIGLINGAMÁL, SKIPATÆKNI OG ÖRYGGISMÁL

Eitt af helstu viðfangsefnum LÍÚ er að auka öryggi um borð í íslenskum fiskiskipum. Þetta hefur verið gert með því að stuðla að því að um borð í þeim sé fullkomnasti öryggisbúnaður sem fáanlegur er á hverjum tíma og vel þjálfuð áhöfn sem getur tekist á við vandamál sem upp kunna að koma.

Á innlendum vettvangi á LÍÚ m.a. fulltrúa í Siglingaráði og í Verkefnisstjórn áætlunar í öryggismálum sjófarenda sem sett var á laggirnar árið 2000. Á erlendum vettvangi hefur LÍÚ tekið þátt í vinnuhópi á vegum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) þar sem unnið er að alþjóðlegum reglum um smíði og búnað fiskiskipa og um menntun og þjálfun skipstjórnarmanna.

### SIGLINGARÁÐ

Siglingaráð er skipað skv. lögum um Siglingastofnun nr. 6/1996 og er ráðherra til ráðuneytis í málum um siglinga- og vitamál. Þrír ráðsmenn eru skipaðir af ráðherra án tilnefningar að loknum þingkosningum og skal einn vera formaður ráðsins, en átta samkvæmt tilnefningu til fjögurra ára. Skipunartími Siglingaráðs er frá 1. júlí 2009 til 30. júní 2013.

Á liðnu starfsári voru haldnir tveir fundir í Siglingaráði. Mikil ládeyða virðist um þessar mundir vera í störfum samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytisins, a.m.k. hvað varðar málefni siglinga.

Tillögur að framtíðarskipan samgöngustofnana voru kynntar ráðinu í janúar 2010. Samkvæmt tillögnum er ætluð stjórnvalda að sameina í eina stofnun, Samgöngustofnun, allar þær ríkisstofnanir sem annast stjórnslu og eftirlit er lýtur að

flug-, hafna-, siglinga-, umferðar-, og vegamálum. Gert var ráð fyrir að frumvarp til laga um Samgöngustofnun yrði lagt fyrir haustþing 2010. Með tilkomu Samgöngustofnunar er ætlunin að leggja siglingaráð niður. Þetta verkefni virðist hafa dagað uppi í kerfinu.

### VERKEFNISSTJÓRN ÁÆTLUNAR Í ÖRYGGISMÁLUM SJÓFARENDA

Þáverandi samgönguráðherra hafði á sinni ráðherratið frumkvæði að gerð langtíma áætlunar (til fimm ára í senn) um öryggismál sjófarenda. Skipaði hann sérstaka verkefnisstjórn til að annast verkið og er hún skipuð fulltrúum frá útgerð, stéttarfélögum, Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Siglingastofnun Íslands og samgönguráðuneyti, en fulltrúi þess er jafnframt formaður.

Árlega var veitt umtalsverðu fjármagni af fjárlögum til þessa verkefnis og verkefnisstjórnin beitti sér fyrir fjölmörgum verkefnum til eflingar öryggis sjófarenda. Ber þar hæst útgáfa fræðslu- og þjálfunarefnis um öryggismál í formi bæklings, bóka og geisladiska. Mjög hefur fjarað undan starfi verkefnisstjórnarinnar og hefur hún ekki komið saman til fundar frá því í byrjun árs 2009.

Nú á haustdögum blés innanríkisráðherra nýju lífi í langtíma-áætlunina með skipan nýrrar verkefnisstjórnar undir formennsku Sigurðar Arnar Guðleifssonar lögfræðings og starfsmanns ráðuneytisins. Við bindum vonir við að ný verkefnisstjórn láti hendur standa fram úr ermum og taki á þeim verkefnum sem fyrir liggja.



## 7. MÖNNUNARMÁL

### MÖNNUNARNEFND FISKISKIPA

Mönnunarnefnd er skipuð og starfar samkvæmt lögum nr. 30/2007 um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa. Mönnunarnefnd er heimilt að ákveða frávik frá ákvæðum þessara laga um fjölda skipstjórnarmanna, vélavaraða og vélstjóra eftir því sem tilefni gefst til.

Nefndin er skipuð í samræmi við ákvæði laga nr. 112/1984 um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, með síðari breytingum og laga nr. 113/1984 um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavaraða á íslenskum skipum, með síðari breytingum. Um mönnunarnefnd gildir reglugerð nr. 420/2003. Samkvæmt 3. gr. reglugerðarinnar skal nefndin skipuð til þriggja ára í senn

Í mönnunarnefnd eiga sæti fulltrúar hagsmunaaðila að jöfnu, eftir tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og VM – Félags vélstjóra og málmæknimanna annars vegar og LÍÚ hins vegar. Skipaður skal varafulltrúi hvers aðalfulltrúa á sama hátt. Samgönguráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar. Nánari reglur um skipan og starfs hætti mönnunarnefndar setur samgönguráðherra með reglugerð.

Með lögum nr. 30/2007 er heimilt að skip styttri en 24 metrar að skráningar lengd séu án stýrimanns ef daglegur útivistartími er styttri en 14 klst. Það sama á við um vélavörð á skipum með aðalvél 750 kW og minni. Í báðum tilvikum þarf formlega heimild mönnunarnefndar til fækkunar. Flest erindin sem bárust nefndinni fjölluðu um erindi af þessum toga. Siglingastofnun Íslands heldur skrá yfir þau skip sem slíka heimild hafa fengið. Séu reglur um skilyrtan útivistartíma brotnar ber mönnunarnefnd að afturkalla heimildina.

### UNDANÞÁGUNEFND

Undanþágunefnd er skipuð og starfar samkvæmt 14. gr. laga nr. 30/2007. Í undantekningartilfellum og þegar menn með tilskilin réttindi vantar til starfa getur undanþágunefnd veitt tilteknum manni undanþágu til að gegna stöðu á tilteknu skipi í allt að sex mánuði hafi hann ekki tilskilin réttindi, enda telji hún að öryggi mannlífa, eigna eða umhverfis verði ekki stefnt í hættu og að viðkomandi sé hæfur til að annast starfið á öruggan hátt.



Undanþágu má aðeins veita þeim sem hefur skírteini til að gegna næstu lægri stöðu eða uppfyllir kröfur reglugerðar um undanþágu. Ef ekki er krafist skírteinis í næstu lægri stöðu má veita þeim undanþágu sem að mati undanþágunefndar hefur næga þekkingu og reynslu. Undanþágu má ekki veita til að gegna stöðu skipstjóra eða yfirvélstjóra nema í neyðartilvikum og þá aðeins í eins skamman tíma og unnt er.

Undanþágur veitir fimm manna nefnd skipuð af samgönguráðherra. Í nefndinni eiga sæti tveir fulltrúar tilnefndir af fulltrúum útgerðaraðila, einn fulltrúi tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og einn fulltrúi tilnefndur af Félagi vélstjóra og málmæknimanna, en formann nefndarinnar skipar ráðherra án tilnefningar. Nefndin er skipuð í samræmi við lög nr. 112/1984 með síðari breytingum um undanþágu frá atvinnuréttindum vélstjórnar- og skipstjórnarmanna á íslenskum skipum. Nefndin starfar samkvæmt starfsreglum fyrir undanþágunefnd nr. 417, dags. 21. maí 2003.

## 8. MENNTAMÁL

### TÆKNISKÓLINN, SKÓLI ATVINNULÍFSINS

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins ehf. er í eigu aðila atvinnulífsins; Landssambands íslenskra útvegsmanna, Samtaka iðnaðarins, Samorku, Samtaka íslenskra kaupskipaútgerða og Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík. Skólinn hefur starfað frá 1. júlí 2008 og er því komin góð reynsla á starfsemi hans eftir þær breytingar sem urðu í kjölfar sameiningar skólanna og aðkomu nýrra rekstraraðila.

Í Tækniskólanum eru 11 undirskólar, sem hver fyrir sig hefur sérstakan skólustjóra og faglegt sjálfstæði. Við hvern skólanna starfar fagráð þar sem saman koma fulltrúar atvinnurekenda, launþega og fagkennara í hverri grein. Með þessum hætti er leitast við að tryggja sem besta samvinnu atvinnulífs og skóla þannig að öflug tenging verði beint við atvinnulíf þeirra greina sem hver skóli sinnir. Skólar Tækniskólans eru: Byggingatækni-, Endurmenntunar-, Flug-, Fjölmennningar-, Hársnyrti- og Hönnunar- og handverksskóli, Raftækni-, Skipstjórnar-, Tæknimennta-, Upplýsingatækni- og Véltækniskóli.

Í samþykktum Tækniskólans ehf. segir m.a.: „Markmið félagsins er að veita menntun, fræðslu og þjálfun á sviði bók- og verkmennta og í starfstengdum greinum eftir því sem þarfir og hagsmunir atvinnulífs og fyrirtækja á þessum sviðum krefjast á hverjum tíma. Verkefni félagsins taka til reglulegrar menntunar og menntastarfsemi, rannsókna og þróunar, námskeiða, endur- og símenntunar, starfsþjálfunar og námssamninga í atvinnulífi og einnig til sérfræðilegra ráðgjafar- og þróunarverkefna.“

#### Staða skipastjórnar og véltjórnarnáms

Aukin aðsókn hefur verið í Véltækniskólann og Skipstjórnaskólann, bæði í hefðbundið dagnám og ýmiskonar réttindanám sem kennt er í dreifnámi (blanda af stað- og fjarnámi) og þá oft sem nám með vinnu. Sérstaklega er ánægjulegt að sjá að aðsóknin hefur aukist umtalsvert í Skipstjórnarskólann en nemendafjöldi þar hafði staðið í stað um árabíl. Á síðasta skólaári stunduðu 215 nemendur nám við Véltækniskólann þar af 183 í dagskóla og 164 nemendur við Skipstjórnarskólann þar af 80 í dagskóla. Í haust eru 216 nemendur innritaðir í Véltækniskólann þar af 186 í dagskóla og 212 nemendur innritaðir í Skipstjórnarskólann þar af 92 í dagskóla.

Heildarfjöldi nemenda í Tækniskólanum á skólaárinu 2010-2011 var 2372, þar af voru 1887 í dagskóla. Á þessu skólaári voru 2528 nemendur innritaðir við upphaf skólaárs 2011-2012, þar af 2003 í dagskóla.

### Endurbótum á Sjómannaskólahúsinu lokið

Þau ánægjulegu þáttaskil urðu við upphaf skóla á þessu hausti að framkvæmdum við endurbætur á Sjómannaskólahúsinu við Háteigsveg lauk og er nú allt kennslurými hússins nýtt á ný. Mötuneyti, upplýsingamiðstöð, bókasafni, les- og vinnuástöðu nemenda hefur verið komið fyrir á 4. hæð hússins. Fyrsta hæðin hefur verið tekin undir Margmiðlunarskólan og nýja glæsilega eðlis,- efnafræði og náttúruvísindastofu. Við þessar breytingar hefur verið leitast við að halda í sérkenni hússins og varðveita þannig kúltúr þess samhliða nútímavæðingu og breyttu notagildi og er það mat flestra að vel hafi tekist til.

### ALÞJÓÐASIGLINGAMÁLASTOFNUNIN (IMO)

Heildar endurskoðun alþjóðasamþykktarinnar um þjálfun, skírteini og vakstöðu sjómanna (STCW samþykktin) og viðauka hennar var staðfest í júní 2010. Með staðfestingu endurskoðaðrar samþykktar er tryggt að fyrir hendi sé alþjóðlegur staðall til að þjálfa og votta sjómenn til að stjórna tæknilega flóknum skipum í nánustu framtíð. Umbótunum, sem nefndar eru „Manilla umbæturnar á STCW samþykktinni og viðaukum hennar“ er ætlað að taka gildi frá og með 1. janúar 2012. STCW samþykktin öðlaðist fyrst fullgildinguna 1978, hún var síðan endurskoðuð og uppfærð 1995. Það var á hinn bóginn ekki fyrr en um árið 2000 að farið var að ganga eftir því að henni væri framfylgt.

IMO vinnur að gerð bindandi reglna um smíði, búnað og rekstur skipa á heimskautasvæðum, (POLAR-Code). Leiðbeiningar um smíði, búnað og rekstur skipa, sem eru í förum á heimskautasvæðum – svonefndar „Polar Code“ leiðbeiningar – voru upphaflega samdar og staðfestar af IMO árið 2001. Í þessum leiðbeiningum var að finna þær sérstöku viðbótarkröfur umfram kröfur SOLAS og MARPOL sem tilefni þótti til að gera til skipa í förum á heimskautahafsvæðum. Meðal annars vegna talmarkaðrar neyðaraðstoðar var talið nauðsynlegt að skip væru búin í samræmi við þær umhverfisaðstæður sem búast má við á þessu hafsvæði.

Í júní 2009 var samþykkt tillaga um að fram færi endurskoðun á þessum leiðbeiningum og jafnframt samþykkt að hefja undirbúning að gerð skuldbindandi reglna sem gilda skulu um öll skip sem eru í förum á heimskautasvæðum. Skipaður var samskiptahópur til að undirbúa tillögur í þessum efnunum. Stefnt er að því að vinna við þessar nýju reglur ljúki á næsta ári.

## SJÓMENNT

Starfsemi Sjómenntar var með óbreyttu sniði á síðasta starfsári. Veittir eru styrkir til félagsmanna aðildarféлага Sjómannasambands Íslands og til útgerða sem staðið hafa að námskeiðum fyrir undirmenn. Sjóðurinn átti handbært fé í lok árs 2010 samtals 42.420.684 krónur. Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins annast umsjón sjóðsins.

Nánari upplýsingar má fá á vefsíðu Sjómenntar [www.sjomennt.is](http://www.sjomennt.is)

## AVS RANNSÓKNASJÓÐUR

Árið 2011 var að mörgu leyti viðburðaríkt ár fyrir AVS rannsóknasjóð í sjávarútvegi. Árið var áttunda starfsár sjóðsins og frá upphafi var sjóðurinn rekinn sem verkefni hjá Matís undir öruggri og farsælli stjórn Páls Gunnars Pálssonar. Undir lok árs 2010 tók Jón Bjarnason sjávarútvegs- og landbúnaðar ráðherra þá ákvörðun að flytja sjóðinn frá Matís og flytja höfuðstöðvar sjóðsins á Sauðárkrók. Páll Gunnar kaus að láta af störfum fyrir sjóðinn og flytjast ekki með til Sauðárkróks og var Pétur Bjarnason þá ráðinn starfsmaður hans. Pétur hafði komið inn í stjórnina sem formaður í nóvember á síðasta ári en lét af því þegar hann var ráðinn starfsmaður og Lárus Ægir Guðmundsson tók þá við formennsku.

Starfsemi sjóðsins hefur verið með hefðbundnum hætti. Umsóknarfrestur fyrir rannsóknaverkefni var eins og áður 1. febrúar og alls bærust 162 umsóknir. Í ár var einnig sérstakur styrktarflokkur til eflingar byggð í sjávarbyggðum. Ferill umsókna var hefðbundinn og rétt að undirstrika að mjög faglega er staðið að meðferð umsókna. Umsóknum er vísað til mismunandi fagráða eftir eðli þeirra og síðan eru fengnir tveir óháðir sérfræðingar á því sviði, sem umsóknina varðar, til þess að meta hverja umsókn. Að því loknu afgreiðir hver faghópur umsóknirnar til stjórnar sem í framhaldinu gerir tillögur um styrkþega til ráðherra. Hann felur sjóðnum að annast samskipti við umsækjendur og setja af stað greiðsluferil til þeirra, sem styrks njóta.

Alls hafði sjóðurinn 380 milljónir króna til umráða og fengu 48 rannsóknarumsóknir brautargengi og 35 í flokknum „efling sjávarbyggða“. Rannsóknaverkefni flokkast í fiskeldi, veiðar og vinnslu, markaðsmál og líftækni. Styrkur getur orðið allt að 8 milljónum króna á ári. Til viðamikilla verkefna er síðan hægt að sækja um aftur í eitt eða tvö ár til viðbótar.

## YFIRLIT YFIR STYRKVEITINGAR SJÓMENNTAR:

	2008	2009	2010	2011 til okt.	Alls:
Einstaklingsstyrkir, fjöldi	101	133	236	161	631
Upphæðir einstaklingsstyrkja	4.228.909	5.197.286	10.853.654	5.249.306	25.529.155
Fyrirtækja- og félagastyrkir	0	157.700	616.670	909.360	1.683.730
<b>Heildarupphæðir styrkja (einstakl. og fyrirtæki)</b>	<b>4.228.909</b>	<b>5.374.986</b>	<b>11.470.670</b>	<b>6.158.360</b>	<b>27.232.925</b>



Flest hafa verkefni verið á sviði veiða og vinnslu en markaðsverkefnum og verkefnum á sviði líftækni hefur fjölgað nokkuð. Verkefni á sviði fiskeldis voru færri í ár en oft áður en þó er unnið að mörgum veigamiklum verkefnum á þessu sviði, sem vænta má mikils af í framtíðinni.

Rannsóknasjóðir, sem yfirvöld starfrækja, hafa orðið talsvert fyrirferðarmiklir í opinberri umræðu þessi misserin. Það er von þar sem fé til rannsókna er af skornum skammti á krepputímum eins og nú eru í samfélagi okkar og samkeppni um fjármuni hörð. AVS sjóðurinn var settur á fót á sínum tíma vegna þess að það var álit manna í greininni að sjávarútvegur stæði ekki jafnfætis öðrum greinum þegar kom að aðgangi að eðlilegu fjármagni til rannsókna og þróunar. Fullyrða má að þetta markmið með stofnun sjóðsins hafi náðst. AVS sjóðurinn hefur haft mjög jákvæð áhrif fyrir íslenskan sjávarútveg og er hægt að nefna mörg dæmi um það. Það er því full ástæða til þess að standa vörð um sjóðinn og ættu samtök og einstaklingar í sjávarútvegi að leggja þar hönd á plóg.

AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi stendur fyrir „Aukið Virði Sjávarfangs“. Fyrsta krafan, sem umsóknir þurfa að uppfylla til þess að fá brautargengi er að líkindi séu til þess að veittur styrkur leiði til aukins verðmætis. Eftir á er miserfitt að meta hve miklu hvert verkefni hefur skilað sjávarútveginum og þjóðarþúinu að þessu leyti. Verkefni eru mörg og fjölbreytt og unnin í nánu samstarfi við iðnaðinn og rannsóknarumhverfi í landinu. Því er reynt að vanda vel til verka í hvívetna. Mikilvægi þess starfs, sem AVS sjóðurinn stuðlar að, verður seint ofmetið og því mikilvægt að sjóðnum verði áfram tryggðar fjárveitingar til þess að sinna hlutverki sínu.

## 9. UMHVERFISMÁL

### ENDURVINNSLA VEIÐARFÆRA ÚR GERVIEFNUM

Þann 31. ágúst 2005 gerði LÍÚ samning við stjórn Úrvinnslu-sjóðs um úrvinnslu úrgangs vegna veiðarfæra úr gerviefnum. Með samningnum skuldbundu samtökin sig til að starfrækja móttökustöð fyrir veiðarfæraúrgang úr gerviefnum og koma honum til endanlegrar úrvinnslu.

Samningurinn er gerður með hliðsjón af heimild fyrirtækja og atvinnugreina til að semja um ráðstafanir til að tryggja úrvinnslu úrgangs, sbr. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 162/2002 um úrvinnslugjald með síðari breytingum. Veiðarfæri úr gerviefnum, sbr. viðauka XVII við löggin, eru því undanþegin álagningu úrvinnslugjalds, sem annars skyldi hefjast 1. september 2005.

Í júní 2010 var gerður samningur við P.M. Endurvinnslu í Gufunesi um að fyrirtækið annaðist móttöku og endurvinnslu alls endurvinnanlegs veiðafæraúrgangs f.h. LÍÚ. Samstarfið við P.M. Endurvinnslu hefur verið með ágætum og hafa útgerðir getað skilað veiðafæraúrgangi endurgjaldslaut. P.M. Endurvinnsla getur ekki endurunnið nótæfni, skrifstofa LÍÚ hefur því haft milligöngu um að koma nótæfni til endurvinnslu erlendis.

### ÚRVINNSLUSJÓÐUR

Lög um úrvinnslugjald nr. 162 voru samþykkt á Alþingi 22. desember árið 2002. Með þeim var Úrvinnslusjóður stofnaður en jafnframt felld úr gildi lög um spilliefnagjald og starfsemi Spilliefnanefndar en Úrvinnslusjóði fengin þau verkefni sem Spilliefnanefnd annaðist. Úrvinnslusjóður fer með umsjón úrvinnslugjalds. Í lögum um sjóðinn er gert ráð fyrir að umhverfisráðherra setji nánari reglur um úrvinnslugjaldið og Úrvinnslusjóð. Það var gert þann 28. mars 2003 með reglugerð nr. 227/2003. Ný reglugerð nr. 501/2003 kom í hennar stað og tók hún gildi 30. júní 2003.

Á liðnu starfsári voru haldnir 19 fundir í stjórn sjóðsins. Hlutverk hans er að sjá um umsýslu úrvinnslugjalds og ráðstöfun þess. Hugmyndafræðin sem byggt er á er sú að vöruhringrásin sé eins lokuð og kostur er og að notkun hráefna og orku sé í lágmarki þannig að sem minnst falli út í formi úrgangs sem fer til endanlegrar förgunar. Hráefni og orka til vöruframleiðslu eru takmarkaðar auðlindir sem ber að fara eins sparlega með og kostur er. Við öflun hráefna og orku er gengið á náttúruleg gæði og því er mikilvægt að endurvinna eða endurnýta hlutina sem best.

Úrvinnslusjóður vinnur að því að sem minnst falli út úr vöruhringrásinni í formi úrgangs sem þarf að farga. Reynt er með

hagrænum hvötum að stuðla að sem mestri endurnýtingu og endurvinnslu. Úrvinnslugjaldið er notað til að greiða fyrir meðferð flokkaðs úrgangs á söfnunarstöðvum, flutning, endurnýtingu, endurvinnslu eða förgun með eða án skilagjalds. Áskilið er að hver vöruflokkur sé fjárhagslega sjálfstæð eining. Þannig er gjald af t.d. kælmiðlum ekki notað til að greiða kostnað vegna hjólbarða eða öfugt. Samið er um verkþætti á grundvelli útboða eða verksamninga eftir því sem kostur er.

Í dag bera 17 vöruflokkar úrvinnslugjald og er megin verkefni stjórnarinnar að fylgjast með gangi mála fyrir sérhvern vöruflokk, stemma af gjaldtöku m.v. kostnað við söfnun, flutning, endurvinnslu eða eyðingu.

### STÝRINEFND RAF- OG RAFEINDATÆKJAÚRGANGS

Þann 27. júní sl. skipaði umhverfisráðherra sérstaka stýr- nefnd raf- og rafeindatækjaúrgangs til að hafa umsjón með starfsemi skilakerfa framleiðenda og innflytjenda á raf- og rafeindatækjum í samræmi við 2. mgr. 35. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs með síðari breytingum. Hlutverk stýr- nefndar er m.a.:

- a. að halda skrá yfir framleiðendur og innflytjendur raf- og rafeindatækja og hafa eftirlit með því að þeir séu skráðir í skráningarkerfið,
- b. að reka skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda,
- c. að safna upplýsingum frá skilakerfum um magn raf- og rafeindatækjaúrgangs og ráðstöfun hans og vinnslu þeirra upplýsinga og skila þeim til Umhverfisstofnunar,
- d. að reikna hlutfall þess raf- og rafeindatækjaúrgangs sem einstökum skilakerfum ber að safna eftir flokkun í samræmi við markaðshlutdeild,
- e. að meta hvort skilakerfi uppfylli skyldur sínar,
- f. að meta hvort skilakerfi geti staðið undir fjárhagslegum skuldbindingum sínum,
- g. að móta stefnu um starfsemi sína, svo sem helstu áherslur, verkefni og starfshætti og leggja fyrir ráðherra til staðfestingar.

Stýr- nefnd skal innheimta gjald af skilakerfum til að standa undir kostnaði við uppbyggingu og rekstur stýr- nefndar sem hlýst af ákvæðum laga þessara, svo sem stofnkostnaði, rekstri skráningarkerfis og kostnaði við störf stýr- nefndar. Skal gjaldið vera í samræmi við markaðshlutdeild þeirra inn- flytjenda og framleiðenda sem aðild eiga að viðkomandi skilakerfi. Skilakerfi geta óskað eftir upplýsingum frá stýr- nefnd um samsetningu gjalda. Gjöld mega ekki vera hærrí en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu



## 10. ÁBYRGAR FISKVEIÐAR

### ÍSLENSKA UPPRUNAMERKIÐ

Íslenska upprunamerkið, Iceland Responsible Fisheries, fór í deifingu í febrúar 2009. Merkið er markaðstæki fyrir fyrirtæki í virðiskeðju íslensks sjávarfangs og veitir tækifæri til að undirstrika íslenskan uppruna afurðanna og tengja við ábyrgar fiskveiðar Íslendinga. Merkinu hefur verið vel tekið og eru skráðir notendur, innlendir jafnt sem erlendir, nú yfir níutíu talsins.

### Vottunarverkefnið

Þorskveiðar innan 200 mílna efnahagslögsögunnar voru vottaðar í desember 2010. Vottunin staðfestir að veiðunum er stjórnað á ábyrgan hátt samkvæmt ströngustu mælikvörðum. Í kjölfar vottunar þorskstofnsins hefur verið sótt um vottun eftir sömu stöðlum á ýsu-, ufsa- og gullkarfaveiðum Íslendinga og er sú vinna í ferli.

Fyrirtæki í virðiskeðjunni, sem hyggjast nota vottun þorskveiðanna og síðar vottun annarra mikilvægra veiðistofna við markaðssetningu afurða úr hinum vottuðu stofnum, geta sótt um vottun á rekjanleika samkvæmt sérstakri kröfulýsingu þar um og í framhaldinu er unnt að sækja um notkun á auðkennismerki vottunar, sem er afbrigði upprunamerkisins. Merkið staðfestir að tiltekin afurð eigi uppruna í vottuðum veiðistofni.

Þegar hafa um 20 fyrirtæki fengið vottun á rekjanleika og annar eins fjöldi er í umsóknarferli. Markaðir hafa tekið vottuninni vel og opnar vottunin greiðari leið inn á kröfuharðari kaupendur sjávarafurða.

Vottunarfyrirtækið Global Trust Certification Ltd á Írlandi vinnur að vottuninni samkvæmt ströngustu alþjóðlegum kröfum.

Nánari upplýsingar eru á [www.responsiblefisheries.is](http://www.responsiblefisheries.is)



## 11. TRYGGINGAR

### SAMNINGAR VIÐ VÁTRYGGINGAFÉLÖGIN UM VÁTRYGGINGARIÐGJÖLD FISKISKIPA ÁRIÐ 2011

Í desember 2010 var gengið frá samningum um húftryggingariðgjöld fiskiskipa við vátryggingafélögin fyrir árið 2011. Samið var við fjögur tryggingafélög um húftryggingar 167 fiskiskipa og hafði skipunum fjölgað um tvö frá 2010. Vátryggingaverðmæti skipanna var 97,5 milljarðar króna. Heildariðgjaldsupphæðin nam um 1,1 milljarði króna eða um 1,16% af vátryggingarverðmæti flotans.

	Fjöldi skipa	Vátryggingafjárhæð þús. kr.
Samtals kr.:	167	97.465
Breyting frá fyrra ári:	+2	3,6%

### HÚFTRYGGINGARMAT FISKISKIPA

Eins og frá hefur verið greint í fyrri skýrslum þá hafa samtökin annast tryggingarmat á öllum þilfarsskipum frá 1. janúar 2001, alls á tólfta hundrað skip. Á liðnu starfsári, líkt og undangengin ár, eru verkefni tengd þessum málaflokki þungamiðjan í starfsemi tæknideildar.

### INNHEIMTA VÁTRYGGINGARGJALDA

Á árinu 2010 voru innheimtar til tryggingasjóðs LÍÚ 4.407,6 milljónir króna. Inngreiðslum var ráðstafað þannig að til tryggingafélaga voru greiddar 655,3 milljónir króna. Heildarkröfur tryggingafélaganna námu 838 milljónum króna og var greiðsluhlutfall ársins því 78,2% en 80,6% árið 2009 og 79% árið 2008. Þá námu endurgreiðslur til eigenda sem luku greiðslum iðgjalda á árinu 3.552,3 milljónum króna.

Greitt tryggingafélögum:	Alls greitt:	Ógr. gjaldfallið
Samtals kr.	655.300.604,-	182.650.549,-

Geta má þess að í dálkinn „Ógreitt gjaldfallið“ hafa verið tví-færðar kröfur í nokkrum tilfellum þar sem um eigendaskipti hefur verið að ræða á árinu 2010. Einnig eru þar kröfur vegna skipa sem hafa verið frá veiðum og kröfur sem hafa verið felldar niður seinni hluta ársins vegna sölu eða úreldingar skipa.



## 12. AFLAHEIMILDIR

### AFLAHEIMILDIR OG BRÁÐABIRGÐATÖLUR YFIR AFLA HJÁ AFLAMARKSSKIPUM OG KRÓKAAFLAMARKSBÁTUM Á FISKVEIÐIÁRINU 2010-2011

Aflatölur yfir aflamarksskip og krókaafلامarksbáta 8. október 2011. Allar tölur eru í tonnum og miðast við slæðan fisk nema karfi er óslægður.

	ÞORSKUR	ÝSA	UFSI	GULLKARFI	DJÚPKARFI	LANGA	KEILA	STEINBÍTUR
Úthlutun til aflamarks	123.755	39.056	39.811	37.500	12.500	6.000	5.400	9.687
Sérstök úthlutun	5.754	1.458	1.413	7	65	17	1	356
Milli ára	1.650	4.212	1.786	359	346	84	51	393
Óskýrt aflamark	0	0	0	0	0	0	0	10.436
<b>Aflaheimildir alls</b>	<b>131.159</b>	<b>44.726</b>	<b>43.010</b>	<b>37.866</b>	<b>12.911</b>	<b>6.101</b>	<b>5.452</b>	<b>9.874</b>

Afli aflamarkssk. og krókab.	138.454	43.817	43.430	39.396	12.102	7.472	5.611	10.545
* Hafróafli utan kvóta	1.762	214	63	162	0	109	64	43
Undirmál utan kvóta	1.042	755	26	116	0	0	0	0
** Annar afli utan aflamarks	6.160	1.712	1.189	202	6	8	4	18
Línuvinnun	2.284	1.462	0	0	0	0	0	610
<b>Afli til kvóta</b>	<b>127.206</b>	<b>39.674</b>	<b>42.152</b>	<b>38.916</b>	<b>12.096</b>	<b>7.355</b>	<b>5.543</b>	<b>9.874</b>

Staða fyrir tegundatilfærslu	3.953	5.052	858	-1.050	815	-1.254	-92	561
Tegundatilfærsla	-70	-1.916	1.598	2.534	22	1.553	236	278
Ný staða	3.883	3.136	2.456	1.484	837	299	144	839
Kvóti færður á næsta ár	3.884	3.092	2.158	1.466	836	297	131	727
Umframafli	42	0	26	0	0	4	0	0
Ónotaður kvóti	41	44	324	18	1	6	13	112

	SKÖTUSELUR	GRÁLÚÐA	SKARKOLI	ÞYKKVALÚRA	LANGLÚRA	SANDKOLI	SKRÁPFLÚRA	ÞORSKÍG.
Úthlutun til aflamarks	2.250	11.960	5.980	1.656	1.196	828	184	289.242
Bætur og aðrar úthlutanir	124	23	136	2	60	2	0	8.871
Milli ára	106	41	182	64	111	45	51	8.922
<b>Aflaheimildir alls</b>	<b>2.480</b>	<b>12.024</b>	<b>6.298</b>	<b>1.722</b>	<b>1.367</b>	<b>875</b>	<b>235</b>	<b>64.988</b>

* Hafróafli utan kvóta	43	6	34	6	1	4	0	259.348
Undirmál utan kvóta	0	0	0	0	0	0	0	2.221
** Annar afli utan aflamarks	0	23	1	0	0	201	79	1.988
Línuvinnun	0	0	0	0	0	0	0	8.721
<b>Afli til kvóta</b>	<b>2.197</b>	<b>11.245</b>	<b>4.453</b>	<b>1.606</b>	<b>1.125</b>	<b>544</b>	<b>98</b>	<b>54.859</b>

Staða fyrir tegundatilfærslu	283	779	1.845	116	242	331	137	247.406
Tegundatilfærsla	-83	-245	-1.540	-19	-136	-258	-121	6.652
Ný staða	200	534	305	97	106	72	16	4.998
Kvóti færður á næsta ár	188	533	287	94	101	66	14	13.894
Umframafli	0	0	0	0	0	0	0	10.694
Ónotaður kvóti	12	1	18	3	5	6	2	138

Hámarks geymsluréttur er 15% og hámarks umframaflaréttur er 5%, miðað við úthlutað aflamark.

\* Andvirði afla rennur til Hafró að frádrögnum hafnargjöldum, kostnaði við uppboð og 20% hlutar til útgerðar og áhafnar.

\*\* Afli utan aflamarks, s.s. sandkola- og skrápflúruafli norðan viðmiðunarlínu og afli rannsóknaskipa.

Allar tölur í tonnum. Miðað er við slitinn humar.

	SÍLD	LOÐNA	HUMAR	ÚTH.RÆKJA	INNFIJ.RÆKJA	SKÖTUS. 2	ÞORSKÍG.
Úthlutaðar aflaheimildir	45.000	326.959	646		400	0	63.678
Bætur og aðrar úthlutanir	102	496	2		9	1.066	2.157
Færslur milli ára	3.815	-261	62		-5	26	702
<b>Aflaheimildir alls</b>	<b>48.917</b>	<b>327.194</b>	<b>710</b>		<b>404</b>	<b>1.092</b>	<b>66.537</b>
Afli til kvóta	44.573	327.192	665	7.588	337	808	65.272
Ný staða	4.344	2	45		67	284	1.265
Kvóti færður yfir á næsta ár	4.354	0	45		20	80	847
Umframafli	10	0	0		0	2	5
Ónotaður kvóti	0	2	0		47	204	419

Hámarks geymsluréttur í síld og humri er 15% og 5% í innfjarðarrækju.

Hámarks umframafli í síld, humri og úthafsækju er 5%, en 3% í skel og innfjarðarrækju.

## AFLAHEIMILDIR OG BRÁÐABIRGÐATÖLUR YFIR BOTNFISKAFLA HJÁ AFLAMARKSSKIPUM Á FISKVEIÐIÁRINU 2010-2011

Aflatölur eru bráðabirgðatölur frá Fiskistofu 8. október 2011. Allar tölur eru í tonnum, og miðast við slægðan fisk nema karfi er óslægður.

	ÞORSKUR	ÝSA	UFSI	GULLKARFI	DJÚPKARFI	LANGA	KEILA	STEINBÍTUR
Úthlutun til aflamarks	102.033	33.147	36.897	37.203	12.500	5.314	4.678	5.954
Bætur og aðrar úthlutanir	4.325	1.008	986	7	64	17	1	248
Milli ára	645	3.441	1.514	340	346	72	23	188
Milli útgerðaflokka	-18	-2.933	-13	-4	0	-138	-57	-544
<b>Aflaheimildir alls</b>	<b>106.985</b>	<b>34.663</b>	<b>39.384</b>	<b>37.546</b>	<b>12.910</b>	<b>5.265</b>	<b>4.645</b>	<b>5.846</b>
<b>Afli til aflamarks</b>	<b>104.808</b>	<b>30.016</b>	<b>39.869</b>	<b>38.523</b>	<b>12.095</b>	<b>6.302</b>	<b>4.644</b>	<b>5.890</b>

Staða fyrir tegundatilfærslu	2.177	4.647	-486	-977	815	-1.037	1	-44
Tegundatilfærsla	-18	-2.097	2.223	2.421	22	1.293	60	300
Ný staða	2.159	2.550	1.737	1.444	837	256	61	256
Kvóti færður á næsta ár	2.177	2.517	1.746	1.443	836	258	60	245
Umframafli	40	0	25	0	0	4	0	0
Ónotaður kvóti	22	33	16	1	1	2	1	11

	SKÖTUSELUR	GRÁLÚÐA	SKARKOLI	ÞYKKVALÚRA	LANGLÚRA	SANDKOLI	SKRÁPFLÚRA	SKÖTUS. 2
Úthlutun til aflamarks	2.250	11.960	5.980	1.656	1.196	828	184	0
Bætur og aðrar úthlutanir	57	0	10	1	60	0	0	978
Milli ára	106	41	182	64	111	45	51	22
Milli útgerðaflokka	-1	0	-9	0	0	0	0	0
<b>Aflaheimildir alls</b>	<b>2.412</b>	<b>12.001</b>	<b>6.163</b>	<b>1.721</b>	<b>1.367</b>	<b>873</b>	<b>235</b>	<b>1.000</b>
<b>Afli til kvóta</b>	<b>2.127</b>	<b>11.222</b>	<b>4.296</b>	<b>1.605</b>	<b>1.125</b>	<b>543</b>	<b>98</b>	<b>756</b>

Staða f/ tegundatilfærslu	286	779	1.867	116	242	330	137	244
Tegundatilfærsla	-86	-245	-1.562	-19	-136	-258	-121	0
Ný staða	200	534	305	97	106	72	16	244
Kvóti færður á næsta ár	188	533	287	94	101	66	14	74
Umframafli	0	0	0	0	0	0	0	0
Ónotaður kvóti	12	1	18	3	5	6	2	170

Geymsluréttur á skötusel2 var ákveðinn 10%

**AFLAHEIMILDIR OG BRÁÐABIRGÐATÖLUR YFIR BOTNFISKAFLA HJÁ KRÓKAAFLAMARKSBÁTUM Á FISKVEIÐIÁRINU 2010-2011**

	ÞORSKUR	ÝSA	UFSI	GULLKARFI	LANGA	KEILA	STEINBITUR	SKÖTUSELUR
Úthlutun til aflamarks	21.722	5.909	2.914	296	686	722	3.732	0
Bætur og aðrar úthlutanir	1.428	450	427	0	0	0	107	66
Milli ára	1.005	771	272	19	12	27	205	0
Milli útgerðaflokka	19	2.933	13	4	138	58	545	8
<b>Aflaheimildir alls</b>	<b>24.174</b>	<b>10.063</b>	<b>3.626</b>	<b>319</b>	<b>836</b>	<b>807</b>	<b>4.589</b>	<b>68</b>
<b>Afli til kvóta</b>	<b>22.398</b>	<b>9.658</b>	<b>2.283</b>	<b>392</b>	<b>1.053</b>	<b>899</b>	<b>3.985</b>	<b>71</b>
Staða f/ tegundatilfærslu	1.776	405	1.343	-73	-217	-93	604	-3
Tegundatilfærsla	-52	181	-625	114	260	175	-22	8
Ný staða	1.724	586	718	41	43	82	582	5
Kvóti færður á næsta ár	1.708	575	412	23	39	71	482	0
Umframafli	2	0	0	0	0	0	0	0
Ónotaður kvóti	18	11	306	18	4	11	100	0

	GRÁLÚÐA	SKARKOLI	ÞYKKVALÚRA	LANGLÚRA	SANDKOLI	SKRÁPFLÚRA	SKÖTUS. 2
Úthlutun til aflamarks	0	0	0	0	0	0	0
Bætur og aðrar úthlutanir	23	126	0	0	1	1	88
Milli ára	0	0	0	0	0	0	4
Milli útgerðaflokka	0	9	0	0	0	0	4
<b>Aflaheimildir alls</b>	<b>23</b>	<b>135</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>1</b>	<b>92</b>
<b>Afli til kvóta</b>	<b>23</b>	<b>157</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>1</b>	<b>52</b>
Staða f/ tegundatilfærslu	0	-22	0	0	0	0	39
Tegundatilfærsla	0	22	0	0	0	0	0
Ný staða	0	0	0	0	0	0	40
Kvóti færður á næsta ár	0	0	0	0	0	0	5
Umframafli	0	0	0	0	0	0	0
Ónotaður kvóti	0	0	0	0	0	0	35

**ÚTHAFSHEIMILDIR OG AFLI HJÁ AFLAMARKSSKIPUM Á ÁRINU 2010**

Aflatölur í tonnum frá Fiskistofu 8. október 2011. Þorskur slægður, en annað er óslægt.

	ÚK. UTAN	KOLMUNNI	NÍ-SÍLD	*RÉTTUR Í NORSKRILÖGS	FL. RÆKJA
Endanleg úthlutun	0	87.625	175.142	40.044	200
Sérst. úthl.	0	0	2.901	-2.901	0
Milli ára	0	-4.218	-9.611	0	0
Aflamark alls	0	83.407	168.432	37.143	200
Afli til kvóta	0	87.803	175.140	26.526	0
Staða	0	-4.396	-6.708	10.617	200
Tilfærsla á NÍ-Síld			10.617	-10.617	0
Ný staða	0	-4.396	3.909	0	200
Kvóti færður á næsta ár	0	-4.090	3.908	0	0
Umframafli	0	315	0	0	0
Ónotaður kvóti	0	9	1	0	200

	NL ÞORSKUR	RL ÞORSKUR	ÚK. INNAN	FL.RÆKJ 3L	ÞORSKÍG.
Endanleg úthlutun	4.661	2.912	14.758	334	57.678
Bætur	0	0	379	0	212
Leiga	0	1.747	0	0	1.747
Milli ára	0	0	-363	0	-2.078
Aflamark alls	4.661	4.659	14.774	334	57.559
Afli til kvóta	4.644	4.652	14.774	185	57.000
Staða	17	7	0	149	559
Kvóti færður á næsta ár	0	0	-363	0	298
Umframafli	0	0	0	0	25
Ónotaður kvóti	17	7	0	149	286

\* Heildarúthlutun í Norsk-Íslenkri síld árið 2010 var 215.186 tonn. Þar af var heimild Íslands til veiða innan norskrar lögsögu 40.044 tonn

## 13. KVÓTAMIÐLUN LIÚ

### YFIRLIT YFIR FRAMBOÐ, EFTIRSPURN OG VERÐ Á AFLAMARKI FISKVEIÐIÁRIÐ 2010-2011

Eins og nærri má geta vantaði flestar útgerðir meiri veiðiheimildir á fiskveiðiárinu 2010-2011 og því varð strax mikil eftirspurn eftir aflamarki. Fyrir vikið hækkaði verðið á flestum tegundum á milli fiskveiðiára. Fáir vildu því leigja frá sér heimildir en voru frekar tilbúnir í að skipta á tegundum. Í maí var svo komið að vonlaust var að fá leigt aflamark í nánast öllum tegundum, sem aftur leiddi til þess að flestir bátar hættu veiðum vegna kvótaleyfis.

#### Þorskur

Verð á þorski byrjaði í 280-300 kr/kg og hækkaði síðan jafnt og þétt þar til það var komið í 320-330 kr/kg og hélst nálægt því út fiskveiðiárið. Mest var um leigu á þorski í upphafi fiskveiðiárs en síðan var helst um skipti á þorski fyrir aðrar tegundir. Meðalverð á aflamarki í þorski hækkaði úr 274 í 318 kr/kg á milli fiskveiðiára.

#### Ýsa

Verð á ýsu byrjaði í 180-200 kr/kg en fór síðan fljótlega í 215 kr/kg og hélst þannig fram á sumar en fór þá lækkandi. Í byrjun ágúst var það komið í 150-160 kr/kg og hélst þannig út fiskveiðiárið. Mest var leigt af ýsu í upphafi fiskveiðiárs en síðan dró mjög úr framboði. Helst var hægt að fá ýsu í skiptum fyrir aðrar tegundir. Þó var aðeins um leigu um miðjan

ágúst þar sem sumir héldu að ekki næðist að veiða eða koma allri ýsu sem eftir var í geymslu. Töluvert af ýsu var notuð í tegundatilfærslur. Meðalverð á aflamarki í ýsu hækkaði úr 174 í 209 kr/kg á milli fiskveiðiára.

#### Ufsi

Þó nokkur eftirspurn var eftir ufsa í upphafi fiskveiðiárs, en framboð var ekki mikið nema þá helst í skiptum fyrir aðrar tegundir. Í upphafi fiskveiðiárs var verðið um rúmar 100 kr/kg en hækkaði fljótlega í 120 kr/kg og hélst þannig út fiskveiðiárið. Meðalverð á aflamarki í ufsa hækkaði úr 90 í 119 kr/kg á milli fiskveiðiára.

#### Gullkarfi

Mjög lítið framboð var á gullkarfa allt fiskveiðiárið og því mjög lítið um leigu. Helst var að fá gullkarfa í skiptum fyrir aðrar tegundir. Verðið byrjaði í 115 kr/kg en hækkaði fljótlega og í nóvember var það komið í 140 kr/kg og hélst það verð að mestu út fiskveiðiárið. Meðalverð á aflamarki á gullkarfa var um 135 kr/kg á fiskveiðiárinu.

#### Djúpkarfi

Nánast ekkert framboð var á djúpkarfa allt fiskveiðiárið og því mjög lítið um leigu. Helst var hægt að fá djúpkarfa í skiptum fyrir aðrar tegundir. Verðið byrjaði í 115 kr/kg en hækkaði fljótlega og í nóvember var það komið í 150 kr/kg og hélst



Þannig út fiskveiðiárið. Meðalverð á aflamarki á djúpkarfa var um 140 kr/kg á fiskveiðiarinu.

### Langa

Mjög lítið var um framboð á löngu. Helst var hægt að fá hana í upphafi fiskveiðiárs í skiptum fyrir aðrar tegundir. Verðið byrjaði í 95 kr/kg en fór fljótlega í rúmar 120 kr/kg. Meðalverð á aflamarki í löngu hækkaði úr 72 í 115 kr/kg á milli fiskveiðiaára.

### Keila

Nánast ekkert framboð var á keilu allt fiskveiðiárið, nema helst var hægt að fá keilu í upphafi fiskveiðiárs í skiptum fyrir aðrar tegundir. Verðið byrjaði í 50-60 kr/kg og hélst á því róli. Meðalverð á aflamarki í keilu hækkaði úr 40 í 57 kr/kg á milli fiskveiðiaára.

### Steinbítur

Eins og undanfarin ár var mest eftirspurn eftir steinbít í upphafi fiskveiðiárs. Verðið byrjaði í 160 kr/kg en fór fljótlega í

180 kr/kg. Frekar lítið magn var leigt, mest var um skipti. Meðalverð á aflamarki í steinbít hækkaði úr 165 í 173 kr/kg á milli fiskveiðiaára.

### Skötuselur

Mjög mikil eftirspurn var eftir skötusel strax í upphafi fiskveiðiárs. Framboðið var hins vegar nánast ekkert allt fiskveiðiárið nema í skiptum fyrir aðrar tegundir. Því var mikið um jöfn skipti til að byrja með, helst á þorski og skötusel. Verðið var fyrst í 280 kr/kg en fór fljótlega í 330-350 kr/kg og hæst upp í 380 kr/kg. Meðalverð á aflamarki í skötusel hækkaði úr 289 í 352 kr/kg á milli fiskveiðiaára.

### Grálúða

Mjög lítið var um leigu á grálúðu á fiskveiðiarinu. Nánast öll grálúða sem fór á milli skipa var í skiptum fyrir aðrar tegundir. Verðið byrjaði í 280 kr/kg en fór fljótlega í 300-330 kr/kg. Meðalverð á aflamarki í grálúðu hækkaði úr 217 í 313 kr/kg á milli fiskveiðiaára.

## GANGVERÐ Á AFLAMARKI EFTIR MÁNUÐUM FRÁ 1. SEPTEMBER 2010 TIL 31. ÁGÚST 2011

	SEPT	OKT	NÓV	DES	JAN	FEB	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ	ÁGÚST
	kr/kg	kr/kg	kr/kg	kr/kg	kr/kg	kr/kg	kr/kg	kr/kg	kr/kg	kr/kg	kr/kg	kr/kg
<b>Þorskur</b>	280,00	300,00	300,00	310,00	315,00	330,00	325,00	330,00	330,00	330,00	325,00	320,00
<b>Ýsa</b>	190,00	210,00	210,00	215,00	215,00	215,00	215,00	215,00	215,00	210,00	215,00	160,00
<b>Ufsi</b>	110,00	120,00	120,00	120,00	120,00	120,00	125,00	118,00	120,00	120,00	120,00	120,00
<b>Gullkarfi</b>	115,00	120,00	120,00	120,00	140,00	140,00	150,00	150,00	150,00	140,00	145,00	135,00
<b>Djúpkarfi</b>	115,00	130,00	130,00	140,00	145,00	150,00	150,00	150,00	150,00	145,00	140,00	135,00
<b>Langa</b>	96,00	105,00	100,00	110,00	120,00	120,00	120,00	120,00	120,00	120,00	120,00	120,00
<b>Keila</b>	50,00	50,00	55,00	55,00	60,00	60,00	58,00	58,00	60,00	60,00	60,00	60,00
<b>Steinbítur</b>	160,00	160,00	170,00	170,00	180,00	180,00	180,00	180,00	180,00	180,00	180,00	160,00
<b>Skötuselur</b>	335,00	350,00	350,00	350,00	380,00	365,00	350,00	350,00	368,00	375,00	330,00	325,00
<b>Grálúða</b>	290,00	290,00	300,00	300,00	360,00	340,00	350,00	320,00	300,00	300,00	300,00	300,00
<b>Skarkoli</b>	140,00	140,00	140,00	140,00	140,00	140,00	140,00	140,00	142,00	145,00	140,00	130,00
<b>Þykkvalúra</b>	160,00	170,00	170,00	170,00	170,00	170,00	175,00	175,00	175,00	175,00	170,00	170,00
<b>Langlúra</b>	70,00	70,00	75,00	88,00	88,00	92,00	90,00	90,00	100,00	100,00	100,00	100,00
<b>Sandkoli</b>	38,00	40,00	42,00	42,00	47,00	42,00	42,00	40,00	40,00	40,00	40,00	40,00
<b>Skrápflúra</b>	38,00	40,00	40,00	40,00	40,00	45,00	50,00	45,00	45,00	43,00	45,00	45,00
<b>Íslandssíld</b>	Verðhugmyndir á Íslandssíld voru í flestum tilfellum frá 28 til 37 kr/kg.											
<b>Loðna</b>	Verðhugmyndir á loðnu voru í flestum tilfellum frá 20 til 25 kr/kg.											

## GANGVERÐ Á TEGUNDUM ÞAR SEM VEIÐITÍMABILID ER ANNAÐ EN FISKVEIÐIÁRIÐ

<b>Úthafskarfi innan línu</b>	Á veiðitímabilinu maí til júní árið 2011 var gangverð að mestu um 150 kr/kg.
<b>Þorskur v/ Noreg</b>	Allt sem flutt var fór í skiptum fyrir aðrar tegundir, þar sem verðhugmyndir voru um 150 til 160 kr/kg.
<b>Þorskur v/ Rússl.</b>	Allt sem flutt var fór í skiptum fyrir aðrar tegundir, þar sem verðhugmyndir voru um 150 til 160 kr/kg.
<b>Norsk-íslensk síld</b>	Flestir eru að veiða eigin heimildir og því lítið um leigu. Þó var aðeins um skipti á Norsk-íslenskri síld fyrir makríl.
<b>Flæmingjarækja 3L</b>	Eitt skip fór til veiða á Flæmingjarækju árið 2011.
<b>Kolmunni</b>	Sáralítill úthlutun og kolmunni veiddist aðeins í litlu magn sem meðafli.
<b>Norsk-íslensk síld 2009-2010</b>	Allir sem eru að veiða eiga heimildir og því lítið um leigu. Helst skipti á heimildum í lögsögu Íslands fyrir heimildir við Noreg.
<b>Flæmingjarækja árið 2010</b>	Ekkert hefur verið um leigu á Flæmingjarækju enda ekkert skip frá Íslandi á veiðum þar.
<b>Kolmunni árið 2010</b>	Allir sem eru að veiða kolmunna eiga þær heimildir sjálfir og því ekkert um leigu á kolmunna.

### Skarkoli

Framboð var á skarkola svo til allt fiskveiðiárið. Verðið byrjaði í 140 kr/kg og hélst þannig út fiskveiðiárið. Þá var töluvert af skarkola notað í tegundatilfærslur. Meðalverð á aflamarki í skarkola hækkaði úr 128 í 140 kr/kg milli fiskveiðiára.

### Þykkvalúra – Langlúra – Sandkoli – Skrápflúra

Á fiskveiðiarinu var sáralítið um leigu á þessum tegundum, nema helst á þykkvalúru og langlúru frá maí til loka fiskveiðiársins. Verð á öllum þessum tegundum hækkaði á milli fiskveiðiára. Eins og undanfarin fiskveiðiár var töluvert af úthlutuðum kvóta í langlúru, sandkolu og skrápflúru notaður í tegundatilfærslur, þar sem þessar tegundir eru verðminni en aðrar tegundir.

### Humar

Mjög lítið var um leigu á humri á fiskveiðiarinu. Nánast allur humar sem fór á milli skipa var í skiptum fyrir aðrar tegundir. Í þessum skiptum var humar verðlagður frá 1300-1600 kr/kg.

### Loðna, síld og Norsk-íslensk síld

Ekkert var um viðskipti með loðnu þar sem allir eru að veiða sínar heimildir. Ekki var mikið um viðskipti með síld á veiðitímabilinu haustið 2010, enda flestir að veiða sínar eigin heimildir.

Þegar ísfiskskipum og frystitogurum var úthlutað veiðiheimildum í makríl og hófu veiðar í byrjun júlí var ljóst að þessi skip myndu fá síld sem meðafla og til að bjarga því yrðu þau að fá Íslandssíld og Norsk-íslenska síld hjá skipum sem eiga aflahlutdeild í þeim tegundum. Töluvert var því um skipti á

## MEÐALGANGVERÐ Á AFLAMARKI EFTIR FISKVEIÐIÁRUM FRÁ 1999/2000 OG TIL OG MEÐ 2010-2011

Fiskveiðiár	1999-2000	2000-2001	2001-2002	2002-2003	2003-2004	2004-2005	2005-2006	2006-2007	2007-2008	2008-2009	2009-2010	2010-2011
	kr/kg	kr/kg	kr/kg	kr/kg	kr/kg	kr/kg	kr/kg	kr/kg	kr/kg	kr/kg	kr/kg	kr/kg
Porskur	112,40	105,81	158,00	141,00	119,40	123,87	134,16	182,49	244,92	181,30	274,00	318,00
Ýsa	73,56	91,46	128,00	68,00	31,65	40,75	44,16	38,68	40,28	44,70	174,00	209,00
Ufsi	34,07	32,32	50,00	36,00	20,99	18,32	16,11	17,92	15,06	15,89	90,00	117,00
Gullkarfi	39,60	41,45	45,00	37,00	25,85	18,63	27,74	27,27	21,68	27,47	89,00	135,00
Djúpkarfi	39,60	41,45	45,00	37,00	25,85	18,63	27,74	27,27	21,68	27,47	89,00	145,00
Langa	-	-	80,00	58,00	34,58	33,45	39,69	52,81	53,37	46,60	72,00	118,00
Keila	-	-	37,00	31,00	21,95	18,40	27,53	30,74	24,59	25,69	40,00	58,00
Steinbítur	33,98	31,80	56,00	52,00	27,86	42,68	53,52	72,54	75,42	85,00	165,00	174,00
Skótuselur	-	-	145,00	122,00	81,54	115,97	152,18	134,34	123,08	123,70	289,00	348,00
Grálúða	105,43	101,27	130,00	88,00	34,38	30,97	52,17	51,03	38,64	52,02	217,00	313,00
Skarkoli	105,92	112,58	150,00	122,00	97,65	122,59	115,62	111,12	98,56	82,77	128,00	140,00
Þykkvalúra	78,70	71,23	95,00	84,00	64,75	101,34	126,22	125,24	101,50	122,82	161,00	173,00
Langlúra	43,03	43,48	55,00	47,00	50,96	52,09	49,87	39,67	39,25	36,64	69,00	90,00
Sandkoli	22,23	22,40	36,00	26,00	12,14	11,29	12,00	11,29	9,49	12,17	36,00	41,00
Skrápflúra	21,97	23,33	34,00	24,00	11,00	10,46	11,20	11,16	8,99	12,03	44,00	44,00
Úthafs-rækja	11,83	24,91	22,00	7,00	4,17	1,63	1,77	2,70	2,09	3,00	9,00	Frjáls
Humar	447,36	564,60	750,00	880,00	950,00	925,00	1000,00	1050,00	1200,00	900,00	1350,00	1550,00
Síld	4,93	4,97	11,00	4,00	4,72	7,28	9,00	Óljóst	Óljóst	Óljóst	25-35	28-32
Loðna	1,45	1,41	2,00	1,50	0,20	1,60	Óljóst	Óljóst	Óljóst	Óljóst	Óljóst	20-25
Úthafskarfi innan	*25,94	22,00	30,00	17,00	10,00	Óljóst	20,50	19,00	Óljóst	30,00	90,00	150,00
Flæmingjarækja	30,36	18,88	4,00	3,00	5,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	10,00
Norsk - íslensk síld	-	-	15,00	8,00	6,00	6,00	Óljóst	Óljóst	Óljóst	Óljóst	25-35	25-30
Kolmunn	-	-	2,50	2,00	1,00	Óljóst	Óljóst	Óljóst	Óljóst	Óljóst	Óljóst	Óljóst

Íslandssíld í júlí og ágúst en meira um skipti á Norsk-ís-lenskri síld í september.

Til að byrja með fór ufsi mest í skiptum fyrir síld, sem var þá í flestum tilfellum verðlögð á 28 kr/kg. Er líða tók á makríl-vertíðina var mest um skipti á síld og makríl – tonn á móti tonni – enda mátti ekki skipta þessu með öðrum hætti ef nota ætti makríl í þessi skipti.

#### **Þorskur við Noreg og Rússland**

Veiðar í Barentshafi gengu vel. Sjö aðilar eiga megnið af útlutuðum kvóta þar og senda skip sín til veiða. Aðrir, sem eiga minni heimildir þar, telja að það svari ekki kostnaði að senda skipin til veiða og skipta á þeim heimildum fyrir tegundir innan lögsögu. Á haustmánuðum þegar skiptin voru ákveðin voru verðhugmyndir á þorski í Barentshafi rúmar 150 kr/kg.

#### **Úthafskarfi**

Veiðar á úthafskarfa innan línu gengu vel og kláraðist allur kvótinn innan línu. Verðið á úthafskarfa í leigu var um 150 kr/kg. Ekki var úthlutað úthafskarfa utan línu þar sem enginn hafði áhuga á að fara til veiða þar.

#### **Yfirlit yfir verðhugmyndir, verð, framboð og eftirspurn á aflahlutdeild fiskveiðiárið 2010-2011**

Á fiskveiðiárinu 2010-2011 var ekkert um viðskipti með aflahlutdeildir og ekkert um alvöru sölu- eða kauptilboð hjá Kvótamiðlun LÍÚ. Í umræðunni er mjög breitt bil á verðhugmyndum milli seljenda og kaupenda enda tvíeggjað að kaupa aflaheimildir með yfirvofandi hótanir stjórnvalda um að breyta kvótakerfinu. Sjávarútvegsherra er þegar byrjaður að skerða heimildir hjá aflahlutdeildarskipum til þess að stækka byggðakvóta, auka heimildir til strandveiða og hækka línúvilnun. Í þeirri óvissu sem sjávarútvegurinn býr við núna er ekkert vit í því að vera að hugsa um kaup á aflahlutdeild.



## 14. ÍSFISKSALA

### Ísfisksala til Englands og Þýskalands frá 1. september 2010 til 31. ágúst 2011

Tölurnar miðast við slægðan afla.

#### Þýskaland

Gámar

Fisktegund:	Selt magn	Verðmæti	Meðalverð
Blálanga	93.851	22.793.186	242,9
Djúpkarfi	1.672.050	578.928.551	346,2
Hlýri	98.250	38.687.500	393,8
Karfi / Gullkarfi	4.110.263	1.282.051.394	311,9
Skötuselur	48.026	27.707.350	576,9
Steinbítur	373.780	140.705.140	376,4
Ufsi	524.893	114.306.498	217,8
Úthafskarfi	0	0	0,0
Annað	111.142	39.457.611,00	355,0
<b>Alls:</b>	<b>7.032.255</b>	<b>2.244.637.229</b>	<b>319,2</b>

#### England

Gámar

Fisktegund:	Selt magn	Verðmæti	Meðalverð
Þorskur	3.288.630	1.506.071.528	458,0
Ýsa	6.030.414	1.995.250.489	330,9
Ufsi	48.537	9.853.090	203,0
Lýsa	689.164	139.837.800	202,9
Karfi / Gullkarfi	1.466.445	399.050.536	272,1
Langa	252.443	61.343.521	243,0
Blálanga	297.099	72.346.131	243,5
Steinbítur	1.399.043	516.865.333	369,4
Hlýri	26.560	9.594.118	361,2
Skötuselur	1.754.004	921.055.779	525,1
Grálúða	367.092	140.892.900	383,8
Skarkoli	1.029.262	362.271.518	352,0
Þykkvalúra / Sólkoli	622.009	332.965.861	535,3
Annar afli	379.277	263.584.211	695,0
<b>Alls:</b>	<b>17.649.979</b>	<b>6.730.982.813</b>	<b>381,4</b>

## Ísfisksala til Englands og Þýskalands frá 1. september 2009 til 31. ágúst 2010

Tölurnar miðast við slægðan afla.

### Þýskaland

Gámar

Fisktegund:	Selt magn	Verðmæti	Meðalverð
Blálanga	194.422	36.286.968	186,6
Djúpkarfi	1.779.347	539.929.536	303,4
Hlýri	89.112	32.239.120	361,8
Karfi / Gullkarfi	6.002.895	1.601.219.780	266,7
Skötuselur	72.563	60.766.297	837,4
Steinbítur	409.874	142.788.197	348,4
Ufsi	613.747	106.311.999	173,2
Úthafskarfi	278.045	60.117.194	216,2
Annað	106.335	35.590.981,06	334,7
<b>Alls:</b>	<b>9.440.005</b>	<b>2.579.659.090</b>	<b>273,3</b>

### England

Gámar

Fisktegund:	Selt magn	Verðmæti	Meðalverð
Þorskur	4.814.483	2.024.343.172	420,5
Ýsa	10.969.272	3.784.724.120	345,0
Ufsi	99.269	17.735.552	178,7
Lýsa	1.082.762	214.128.309	197,8
Karfi / Gullkarfi	1.862.498	455.559.010	244,6
Langa	331.737	72.589.451	218,8
Blálanga	786.065	164.701.230	209,5
Steinbítur	1.695.136	602.721.206	355,6
Hlýri	162.629	63.199.634	388,6
Skötuselur	1.941.186	1.277.052.677	657,9
Grálúða	205.222	111.069.035	541,2
Skarkoli	2.251.871	680.498.697	302,2
Þykkvalúra / Sólkoli	686.620	298.084.626	434,1
Annar afli	730.663	402.159.143	550,4
<b>Alls:</b>	<b>27.619.413</b>	<b>10.168.565.862</b>	<b>368,2</b>

**Útgefandi**

Landssamband íslenskra útvegsmanna

**Umsjón**

Sigurður Sverrisson

**Ljósmyndir**

Bergþór Gunnlaugsson

Guðmundur St. Valdimarsson

Finnbogi Marínósson

Kristinn Benediktsson

Þorgeir Baldursson

Þorvaldur Örn Kristmundsson

**Umbrot og prentun**

Svansprent, október 2011





**Landssamband Íslenskra  
Útvegsmanna**

Borgartúni 35 • 105 Reykjavík • Sími: 591 0300 • Símbref: 591 0301 • [www.liu.is](http://www.liu.is)